
BROTHÆTTAR BYGGÐIR

ÁRSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 2022



BYGGÐASTOFNUN

Helga Harðardóttir
Kristján Þ. Halldórsson

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2022	6
2. MARKMIÐ OG TILGANGUR	10
3. VERKEFNISLÝSING	11
4. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG	14
GLÆÐUM GRÍMSEY	14
ÁFRAM ÁRNESHREPPUR	18
ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR	21
BETRI BAKKAFJÖRÐUR	26
STERKAR STRANDIR	30
STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR	33
DALAAUÐUR	37
BYGGÐARLÖG SEM LOKIÐHAFA ÞÁTTTÖKU Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM	44
5. ÍBÚAÞRÓUN	45
6. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM HAFNA HLOTIÐ STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM	47
7. ATHUGUN Á VIÐHORFUM TIL VERKEFNISINS BROTHÆTTAR BYGGÐIR	51
8. VIÐAUKAR	52
VIÐAUKI I. GLÆÐUM GRÍMSEY, STAÐA STARFSMARKMIÐA	52
VIÐAUKI II. ÁFRAM ÁRNESHREPPUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA	60
VIÐAUKI III. ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR, STAÐA STARFSMARKMIÐA	63
VIÐAUKI IV. BETRI BAKKAFJÖRÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA	65
VIÐAUKI V. STERKAR STRANDIR, STAÐA STARFSMARKMIÐA	70
VIÐAUKI VI. STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA	73
VIÐAUKI VII. DALAAUÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA	77

INNGANGUR



Frá íbúafundi í Döllum

Hartnær tíu ár eru síðan verkefnið Brothættar byggðir hóf göngu sína. Í upphafi verkefnisins var hugmyndin sú að búa til aðferð eða verklag sem hægt væri að yfirfæra á byggðarlög sem stæðu frammi fyrir sambærilegum vanda, þ.e. viðvarandi fækkun íbúa og erfiðleikum í atvinnulífi. Raufarhöfn var fyrsta byggðarlagið sem tók þátt í verkefninu Brothættum byggðum. Verkefnið Raufarhöfn og framtíðin hófst árið 2012 og því lauk í byrjun árs 2018.

Segja má að verklag, framkvæmd og framvinda Brothættra byggða hafi mótast og þróast í fyrstu með þátttöku fyrsta byggðarlagsins, Raufarhafnar, ásamt þátttöku þeirra þriggja sem á eftir fylgdu. Það voru Bíldudalur, Breiðdalur og Skaftárhreppur. Reynslan og árangurinn af þeim verkefnum varð leiðarljósið í þeim byggðarlögum sem síðar hafa tekið þátt í verkefninu. Á árunum 2015-2016 kynntu fulltrúar Byggðastofnunar og aðrir hagaðilar sér sambærileg byggðapróunarverkefni í öðrum löndum, einkum í Noregi og í Skotlandi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið lét gera úttekt á verkefninu Brothættar byggðir á árunum 2014 – 2015 og sá EY Ísland um úttektina fyrir þeirra hönd sjá [hér](#). Þegar þessi skýrsla er gefin út stendur yfir áhrifamat á verkefninu Brothættar byggðir nú þegar verkefnið hefur staðið yfir í um áratug. KPMG sér um áhrifamatið og niðurstöðu er að vænta haustið 2023.

Árið 2016 var sérstök verkefnislýsing Brothættra byggða gefin út hjá Byggðastofnun og var hún byggð á reynslu í Brothættum byggðum, fyrirmyndum í öðrum löndum og ráðum og ábendingum úr úttekt EY Ísland. Frá þeim tíma hafa þáttökubýggðarlög í verkefninu unnið samkvæmt þeirri verkefnislýsingu og eru einstök atriði uppfærð eftir því sem tilefni er til. Uppfærslur eru birtar jafn óðum á heimasíðu Byggðastofnunar. Í verklagi samkvæmt verkefnislýsingunni felst m.a. að verkefnisstjórar eru ráðnir í hverju byggðarlagi, aðferð við úthlutun styrkja er fest í sessi og ákveðnir verkþættir settir fram. Verkefninu er skipt upp í fjóra áfanga þeir eru: undirbúningur, íbúáþing og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfangi og lokaáfangi. Þegar verkefni í hverju byggðarlagi eru komin í lokaáfanga eru væntingar um að frumkvæði og drifkraftur sem einkennt hefur þátttöku íbúa byggðarlagsins á verktímabilinu haldi áfram í formi áframhaldandi nýsköpunar og skilvirkri eftirfylgni sveitarfélags og íbúa á þeirri framtíðarsýn sem sett var fram í upphafi verkefnis. Þessar væntingar um eftirfylgni sveitarfélags hafa verið skjalfestar í samstarfssamningum við sveitarfélög vegna byggðarlaga sem hafa hafið göngu sína í Brothættum byggðum á árinu 2022.

Þáttökubýggðarlögin í Brothættum byggðum eiga það sameiginlegt að þar hefur verið mikil fólksfækkun og skekk aldursdreifing. Skortur er á húsnæði og á það jafnt við um íbúðarhúsnæði til sölu, leiguíbúðir og atvinnuhúsnæði. Bættfjarskipti og umbætur í raforkumálum eru brýn málefni víða, sem og samgöngubætur og bætt þjónusta. Takmarka hefur þurft fjölda byggðarlaga sem geta tekið þátt í verkefninu á hverjum tíma og ræðst sá fjöldi meðal annars af fjármunum til verkefnisins. Byggðastofnun eða byggðarlag (með milligöngu sveitarfélags) geta haft frumkvæði að samtali um mögulega þátttöku og sérstakir mælikvarðar eru notaðir til að meta stöðu og forgangsraða byggðarlögum til þátttöku.

Alþingi samþykkti sumarið 2022 stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Aðgerðaáætlun byggðaáætlunar gildir frá 2022-2026 og kveður á um 44 aðgerðir, þar með talið Brothættar byggðir. Verkefnið Brothættar byggðir er orðið veigamikill þáttur í að auka viðspyrnu gegn hnignun s.l. tíu ár í samfélögum sem m.a. hafa glímt við viðvarandi fólksfækkun og erfiðleika í atvinnulífi undanfarin ár. Ýmsar vísbendingar eru um að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif í þáttökubýggðarlögunum til þessa. Til dæmis má nefna aukna virkni og samstöðu íbúa, auk ýmissa verkefna sem farið hafa af stað í tengslum við Brothættar byggðir bæði með og án verkefnastyrkja úr Frumkvæðissjóðum Brothættra byggða.

Í þessari skýrslu verður greint frá framvindu verkefna í Brothættum byggðum í hverju þáttökubýggðarlagi fyrir sig árið 2022. Einkum verður stuðst við gögn úr ársskýrslum verkefnisstjórnanna. Jafnframt verður reynt að varpa ljósi á stöðu verkefnisins í heild. Eftir atvikum verður stuðst við gögn frá fyrri árum verkefnisins svo og við verkefnisáætlanir, það er framtíðarsýn og markmið einstakra byggðarlaga.

Í mars 2020 samþykkti Alþingi að veita fjármunum í sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak í Brothættum byggðum að upphæð 100 m.kr. Verkefnið skilaði umtalsverðum árangri í stuðningi við frumkvöðla og auknum umsvifum í Brothættum byggðum á árinu 2020. Segja má að tilkoma og nýting þessara viðbótarfjármuna hafi sýnt fram á getu íbúa í Brothættum byggðarlögum til að nýta tækifæri sem gefast til framfara fái þeir til þess stuðning.

Myndir í skýrslunni tók Kristján Þ. Halldórsson ef frá eru taldar aðsendar myndir á síðu 50.

Mynd á forsíðu: Vetrarstilla á Stöðvarfirði

1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2022



Íbúar Stöðvarfjarðar íhuga málefni á Íbúðþingi

Á árinu 2022 var Bygðastofnun aðili að sjö verkefnum undir merkjum Brothættra byggða. Þau eru:

Glæðum Grímsey	Sterkar Strandir
Áfram Árneshreppur	Sterkur Stöðvarfjörður
Öll vötn til Dýrafjarðar	DalaAuður
Betri Bakkafjörður	

Í hverju verkefni starfar verkefnisstjóri. Landshlutasamtök og/eða atvinnuþróunarfélög hafa ráðið verkefnisstjórana til starfa en notið fjárhagslegs stuðnings verkefnisins Brothættra byggða til þess.

Veittir voru styrkir í byggðarlögum, alls að upphæð 59,5 m.kr., auk fjármuna til endurúthlutunar á árinu 2022. Alls voru veittir styrkir til 102 verkefna. Nánari upplýsingar um styrki er að finna á heimasíðu Bygðastofnunar, sjá [hér](#). Ákveðið var í upphafi árs að úthluta 7 m.kr. í hverju hinna sjö þátttökubýggðarlaga á grundvelli fjárhagsáætlunar Brothættra byggða en í fyrsta sinn var tekið tillit til fjölda íbúa og þannig fengu fjölmennustu byggðarlögin þrjú aukaframlög til viðbótar áður nefndum sjö milljónum.

Glæðum Grímsey

Árið 2022 var síðasta ár í verkefninu með virkri aðkomu Bygðastofnunar í lok framlengingar sem ákveðin var á árinu 2021. Í ljósi nýrrar stöðu þar sem verkefnið hafði fengið framlengingu og langt liðið á árið ákvað verkefnisstjórnin að úthluta styrkfé til tveggja ára í einu lagi. Því var auglýst eftir umsóknum í Frumkvæðissjóð Glæðum Grímsey síðla árs 2021 en styrkfé úthlutað í janúar 2022. Fjölbreytt verkefni voru styrkt. Eitt stórt verkefni var Grímseyingum ofarlega í huga á árinu 2022 en það var endurbygging Miðgarðakirkju eftir brunann 2021. Verkinu miðaði vel á árinu undir stjórn

Örnu Bjargar Bjarnadóttur sem sinnti kirkjumálum samhliða verkefnisstjórn í Glæðum Grímsey.

Áfram Árneshreppur

Á árinu 2022 gafst ráðrúm til að fylgja þeim verkefnum eftir sem sett voru í forgang á árunum 2020-2021. Því var áhersla einkum og sér í lagi lögð á framgang og framvindu í samgöngumálum, orkumálum og í fjarskiptamálum. Tilraunaverkefni var sett af stað hjá Vegagerðinni síðla árs 2021 þar sem svokölluð G-regla var afnumin og einangrun íbúa í Árneshreppi yfir vetrarmánuðina þar með rofin. Vetrarþjónustan var færð í svokallaða F-reglu sem þýðir að mokað er tvisvar í viku þegar aðstæður og veður leyfa. Fjarskiptasjóður úthlutaði einnig styrk til Árneshrepps til ljósleiðaravæðingar í hreppnum og veittur var styrkur til að leggja stofnstreng til Djúpvavíkur og til áframhaldandi ljósleiðaravæðingar þaðan og alla leið norður í Norðurfjörð. Ljósleiðaraverkefnið var unnið samhliða lagningu Orkubús Vestfjarða á þriggja fasa rafstreng í jörðu. Fjölbreytt frumkvæðisverkefni voru einnig styrkt sem stuðla öll að eflingu byggðarlagsins með einum eða öðrum hætti. Það má því segja að mikill og góður meðbyr hafi verið með framþróun í Árneshreppi á árinu 2022 og skref stigin í átt til þess að tryggja skilyrði fyrir heilsárs búsetu í byggðarlaginu. Þess ber að geta að stjórnvöld óskuðu eftir því við Byggðastofnun að framlengja verkefnið Áfram Árneshreppur um eitt ár, til loka árs 2022 og varð Byggðastofnun við því. Stjórn Byggðastofnunar ákvað undir lok árs 2022 að framlengja verkefnið enn um eitt ár, til loka árs 2023, með það fyrir augum að aðstoða íbúa við að nýta sem best tækifæri sem bættir innviðir ættu að hafa í för með sér.

Öll vötn til Dýrafjarðar

Á árinu 2022 var unnið að því að klára sem flest verkefni sem höfðu tafist árin á undan vegna áhrifa tengdum COVID-19. Íbúafundur var haldinn í júní. Líkt og í Grímsey var verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar á síðasta starfsári í kjölfar framlengingar sem ákveðin var á árinu 2021. Í rýnihópaviðtölum síðla árs 2021 komu fram ábendingar um m.a. tækifæri til meiri samskipta á milli Dýrfirðinga og Ísafjarðarbæjar og var í kjölfarið gert samkomulag á milli Ísafjarðarbæjar og Byggðastofnunar um að Ísafjarðarbær myndi fylgja verkefninu eftir í a.m.k. eitt ár með formlegum hætti. Einnig er mikið lagt upp úr samráðsfundum Ísafjarðarbæjar, verkefnisstjóra ÖvD, Forstöðumanns Blábankans og íbúasamtaka í Dýrafirði. Á árinu gætti nokkurrar bjartsýni vegna vaxandi umsvifa í tengslum við laxeldi í firðinum. Skortur á íbúðarhúsnæði er þó vaxandi vandamál og er Ísafjarðarbær með þau mál í sérstakri vinnslu.

Betri Bakkafjörður

Verkefnið Betri Bakkafjörður hóf þátttöku sína í verkefninu Brothættar byggðir um mitt ár 2019. Á þeim þremur og hálfu ári sem verkefnið Betri Bakkafjörður hefur staðið yfir hafa margir jákvæðir þættir sem styðja verkefnisáætlun Betri Bakkafjarðar orðið til þess að byggðin við Bakkaflóa hefur styrkst. Uppbygging á Hafnartanganum upp af gömlu höfninni er eitt af þeim verkefnum sem farið var af stað með á árinu 2020 og hélt sú vinna áfram og var vígður nýr

útsýnispallur sem hluti af verkefninu á árinu 2022. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur borið hitann og þungann af fjármögnun þessa verkefnis. Þá hafa íbúar og fyrirtæki gert átak í umhirðu húsa og umhverfis, auk þess að starfa að fleiri frumkvæðisverkefnum. Samgöngur hafa lagast verulega með bundnu slitlagi á Langanesströnd (við Bakkafjörð) og vantar nú aðeins uppbyggingu og slitlag á vegi yfir Brekknaheiði til að tengja byggðakjarnana í Langanesbyggð saman. Bættar vegasamgöngur hafa skipt miklu máli fyrir sveitarfélagið og svæðið í heild, auk þess að treysta byggð á Norðausturhorni landsins.

Sterkar Strandir

Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í júní 2020. Segja má að verkefnið hafi á árinu 2021 komist af stað með nokkrum þunga og íbúar eru stöðugt betur að átta sig á þeim tækifærum sem í verkefninu felast og aukinn kraftur er að færast í verkefnið að mati verkefnisstjóra. Fjölmarginir hafa farið af stað með frumkvæðisverkefni og hlotið til þess stuðning úr Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda og gróska er mikil. Sérstaklega má nefna kraftmikla uppbyggingu í Galdri brugghúsi, en þar var opnuð bruggverksmiðja undir lok ársins. Það hefur á hinn bóginn sett mark sitt á verkefnið að átök urðu í sveitarstjórnarmálum fyrir kosningarnar 2022 og í kjölfar þeirra.

Sterkur Stöðvarfjörður

Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í mars 2022 og fjölmenntu íbúar á þingið. Valborg Ösp Warén Árnadóttir var ráðin verkefnisstjóri hjá Austurbrú í júní og þegar var hafist handa við gerð verkefnisáætlunar sem Valborg sinnti með miklum myndarbrag. Hún hafði einnig fylgst með verkefninu frá upphafi og tók þátt á íbúáþinginu í mars. Meginmarkmið verkefnisins eru fjögur; Fyrirmyndar umhverfi, Samheldið samfélag, Öflugt atvinnulíf og Sterkir innviðir. Mælanleg starfsmarkmið eru alls 44 og tengjast ofangreindum meginmarkmiðum og framtíðarsýn sem skilgreind er í áætluninni. Verkefnisáætlun Sterks Stöðvarfjarðar er einnig tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna og eru viðeigandi heimsmarkmið skilgreind við hvert meginmarkmið. Þær tvær verkefnisáætlanir sem komu út á árinu eru í fyrsta sinn sérstaklega með markmið tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna í verkefnisáætlun í byggðapróunarverkefninu Brothættum byggðum. Byrjun verkefnisins Sterkur Stöðvarfjörður lofar sannarlega góðu um framhaldið og heimamenn hafa tekið virkan þátt frá upphafi. Til að mynda bárust 18 umsóknir í Frumkvæðissjóð Sterks Stöðvarfjarðar og úthlutað var til 13 verkefna af ýmsum toga.

DalaAuður

Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í mars 2022. Var íbúáþingið eitt það fjölmennasta í Brothættum byggða frá upphafi, enda er Dalabyggð öflugt samfélag og það fjölmennasta af þáttökubyggðarlögum í Brothættum byggðum til þessa. Linda Guðmundsdóttir var ráðin verkefnisstjóri og hóf störf hjá SSV í júní, hún hafði þó fylgst með frá upphafi og

var á íbúapinginu í mars. Linda leiddi gerð verkefnisáætlunar í samstarfi við verkefnisstjórn af miklum krafti og byggja markmiðin á skilaboðum íbúa á íbúapingi og greiningu á stöðu byggðarlagsins. Meginmarkmið í verkefnisáætluninni eru fjögur; Samkeppnishæfir innviðir, Skapandi og sjálfbært atvinnulíf, Auðugt mannlíf og Öflug grunnþjónusta. Verkefnisáætlun DalaAuðs er með tengingu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og er það nýbreytni í Brothættum byggðum eins og fram kom í textanum um áætlun Sterks Stöðvarfjarðar. Auglýst var eftir umsóknum um styrki til frumkvæðisverkefna eftir að verkefnisáætlun hafði verið samþykkt á íbúafundi í ágúst. Alls bárust 30 umsóknir og í nóvember var úthlutað 12.250.000 krónum til 21 verkefnis. Voru þar á ferð verkefni af ýmsum toga, allt frá menningarviðburðum til nýsköpunarverkefna í landbúnaði. Fyrsta ár verkefnisins DalaAuður lofar sannarlega góðu um framhaldið.



Verkefnisstjórn Allra vatna til Dýrafjarðar skoðar aðstöðu Golfklúbbsins Glámu. Á myndina vantar Guðrúnu Dögg Guðmundsdóttur.

2. MARKMIÐ OG TILGANGUR

Aðalmarkmið verkefnisins Brothættra byggða er **að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins**. Undirmarkmið verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsriðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Svo sem sjá má á undirmarkmiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.



Finnur Ólafsson lýsir áætlunum um uppbyggingu hjá Galdri Brugghúsi á Hólmanvík

3. VERKEFNISLÝSING

Verkefnið er framkvæmt í fjórum áföngum: undirbúningi, íbúáþingi og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfanga og lokaáfanga verkefnis. Verkefnið byggir á samtali og samstarfi við íbúa í þátttökubýggðarlögunum. Einnig á valdeflingu samfélagsins með því að ýta undir áhuga íbúa og samstöðu varðandi framfaramál í samfélaginu. Hlutverk Byggðastofnunar í verkefninu er að efla samstöðu hagsmunaaðila, að stjórnvöldum meðtöldum, um að vinna að framfaramálum er varða hvert byggðarlag. Enn fremur að veita verkefnisstyrki til frumkvæðisverkefna í byggðarlögunum.

Verkefnið hlýtur nýtt heiti í hverju byggðarlagi fyrir sig og í flestum tilvikum hafa íbúarnir sjálfir valið heitin með tillögum og atkvæðagreiðslu um þær. Heitin bera í sér bjartsýni og kjark, sem vegur upp á móti brothættu heiti heildarverkefnisins.

Byggðastofnun hefur um það ákveðnar væntingar að byggðalög sem lokið hafa formlegri þátttöku í verkefninu njóti áframhaldandi athygli og stuðnings stjórnvalda næstu ár þar á eftir. Einnig að verklagið nýtist íbúum og viðkomandi sveitarfélögum og landshlutasamtökum í áframhaldandi vinnu að framfaramálum byggðarlagsins. Í samningum um þátttöku byggðarlaga sem gerðir voru á árinu 2022 er það nýmæli að ákvæði er um að sveitarfélag taki við verkefninu og standi straum af kostnaði við verkefnisstjórnun og eftirfylgni verkefnisins í að minnsta kosti eitt ár eftir að Byggðastofnun lýkur sinni aðkomu.

Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er sett á fót í hverju þátttökubýggðarlagi.

Í henni eiga sæti fulltrúar Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélags ásamt fulltrúum íbúa sem að jafnaði eru tveir. Dæmi eru þó um fleiri fulltrúa íbúa.

Verkefnisstjórn fundar reglubundið og oftast er notast við fjarfundarformið. Að lágmarki er þó fundað einu sinni á ári í þátttökubýggðarlagi og þá oft í tengslum við íbúafund. Eitt mikilvægasta hlutverk verkefnisstjórnar í hverju þátttökubýggðarlagi er að móta verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt, auk þess að leitast við að kynna verkefnið sem best á hverjum tíma.



Fundur í verkefnisstjórn DalaAuðs



Verkefnisstjórar fundar í Hveragerði haustið 2022

Verkefnisstjóri

Í hverju byggðarlagi er starfandi verkefnisstjóri, ýmist í hlutastarfi eða fullu starfi, eftir því sem aðstæður bjóða upp á og samkomulag er um. Það ræðst meðal annars af landfræðilegri stöðu og hvort hægt er að samnýta krafta verkefnisstjóra í fleiri en einu byggðarlagi. Verkefnisstjóri starfar í umboði verkefnisstjórnar. Verkefnisstjóri skilar framvinduskýrslu um verkefnið árlega til Bygðastofnunar.



Frá íbúáþingi á Stöðvarfirði

Íbúáþing

Í upphafi nýs verkefnis er haldið tveggja daga íbúáþing þar sem staða byggðarinnar er rædd og leitað leiða til umbóta. Á íbúáþinginu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefni og raða viðfangsefnum eftir mikilvægi. Umsjón íbúáþinga hefur verið í höndum ráðgjafafyrirtækisins Ildis og verkefnisstjóra ásamt verkefnisstjórnnum í hverju þátttökubýggðarlagi. Stefnumótun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið byggir annars vegar á niðurstöðum íbúáþings og hins vegar á sérstakri stöðugreiningu sem unnin er fyrir byggðarlagið af verkefnisstjóra og verkefnisstjórn. Stefnumótunin/verkefnisáætlun er kynnt á íbúáfundum og borin upp til samþykktar. Hvert markmið sem sameinast hefur verið um er brotið niður í fjölmörg starfsmarkmið sem unnið er að á verkefnistímabilinu.



Íbúáfundur á Bakkafirði

Íbúáfundir

Íbúáfundir eru haldnir árlega þar sem farið er yfir stöðu verkefnisins og skapaður umræðuvettvangur um framvindu starfsmarkmiða og einstaka verkefna. Þess er gætt að íbúar séu upplýstir um hvernig skilaboð

Íbúðingarsins í upphafi eru höfð til hliðsjónar og hvernig málefnum er fylgt eftir. Verkefnisstjórn hefur m.a. því hlutverki að gegna að kynna áherslur íbúa í hverju þáttökubýggðarlagi fyrir ríkisvaldi og stofnunum.

Frumkvæðisstyrkir

Á hverju ári er frumkvæðisstyrkjum úthlutað til hvers þáttökubýggðarlags. Byggðastofnun hefur gefið út leiðbeiningar vegna úthlutunar styrkja í viðauka við verkefnis lýsingu. Verkefnisstjórn ber ábyrgð á úthlutun styrkja til verkefna í hverju byggðarlagi. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri annast úthlutun styrkja.

Styrkir á árinu 2022 voru samkvæmt fjárhagsáætlun samtals 7 milljónir króna fyrir hvert þáttökubýggðarlag. Að auki var tekin upp sú nýbreytni að taka að nokkru leyti tillit til mismunandi íbúafjölda í byggðarlögum með þeim hætti að fjölmennustu byggðarlögin fengju n.k. uppbót. Ákvörðunin var tekin í því ljósi að með tilkomu Dalabyggðar í verkefnið var munur á íbúafjölda orðinn verulegur og því mjög misjafnt gefið miðað við heildarstyrk deilt með fjölda íbúa. Samkvæmt þessu var úthlutað sjö m.kr. í Árneshreppi, Grímsey, Bakkafirði og Stöðvarfirði, 8,75 m.kr. á Þingeyri, 10,5 m.kr. í Strandabyggð og 12,25 m.kr. í Dalabyggð. Samtals voru því til ráðstöfunar 59,5 milljónir króna í styrki í byggðarlögum sjö. Dæmi eru um að verkefni hafi fallið niður og styrkjum skilað, sú upphæð bætist þá við styrkjaúthlutun næsta árs í því byggðarlagi sem við á.

Fullyrða má að styrkir hafi haft hvetjandi áhrif í samfélögum. Mörg verkefni hafa ýmist sótt í sig veðrið, eða jafnvel hafist í kjölfar styrkumsóknar. Yfirlit yfir styrkt verkefni má sjá í umfjöllun í köflum um einstök byggðarlög.



Frá víslu útsýnispalls á Hafnartanga á Bakkafirði



Innlit hjá systurum í Alviðru við Dýrafjörð sem hlutu styrk til listviðburðar



Frumkvöðlar í krabbaveiðum í Steingrímsfirði kynna verkefnið fyrir verkefnisstjórn Sterkra Stranda

4. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG

Samtals fjórtán byggðarlög hafa tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir frá því að það hóf göngu sína árið 2012. Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir þáttökubýggðarlögin, heiti verkefna og stöðu hvers verkefnis:

Byggðarlag	Heiti verkefnis	Staða
Raufarhöfn	<i>Raufarhöfn og framtíðin</i>	Hefur lokið þátttöku
Breiðdalur	<i>Breiðdælingar móta framtíðina</i>	Hefur lokið þátttöku
Skaftárhreppur	<i>Skaftárhreppur til framtíðar</i>	Hefur lokið þátttöku
Bíldudalur	<i>Bíldudalur – samtal um framtíðina</i>	Hefur lokið þátttöku
Hrísey	<i>Hrísey – perla Eyjafjarðar</i>	Hefur lokið þátttöku
Öxarfjarðarhérað	<i>Öxarfjörður í sókn</i>	Hefur lokið þátttöku
Grímsey ¹	<i>Glæðum Grímsey</i>	Framkvæmdaáfangi
Árneshreppur ²	<i>Áfram Árneshreppur</i>	Framkvæmdaáfangi
Þingeyri og dreifbýli við Dýrafjörð	<i>Öll vötn til Dýrafjarðar</i>	Framkvæmdaáfangi
Borgarfjörður eystri	<i>Betri Borgarfjörður</i>	Hefur lokið þátttöku
Bakkafjörður	<i>Betri Bakkafjörður</i>	Framkvæmdaáfangi
Strandabyggð	<i>Sterkar Strandir</i>	Framkvæmdaáfangi
Stöðvarfjörður	<i>Sterkur Stöðvarfjörður</i>	Framkvæmdaáfangi
Dalabyggð	<i>DalaAuður</i>	Framkvæmdaáfangi

1 Ríkisstjórn samþykkti í apríl 2021 að leggja til að verkefnið yrði framlengt til loka árs 2022.

2 Ríkisstjórn samþykkti í apríl 2021 að leggja til að verkefnið yrði framlengt til loka árs 2022. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti í nóv. 2022 framlengingu á ÁÁH til loka árs 2023.



Árinu 2022 voru samtals sjö byggðarlög þátttökendur í verkefninu og verða hverju þeirra gerð skil hér á eftir.

GLÆÐUM GRÍMSEY

Verkefnið Glæðum Grímsey hóf göngu sína árið 2016 með íbúáþingi í byrjun maí eftir undirbúningsvinnu frá árinu 2015. Á grundvelli samantektar frá íbúáþingi voru sett fram þrjú meginmarkmið og samtals 33

starfsmarkmið. Á íbúafundi í febrúar 2019 voru starfsmarkmiðin endurskoðuð og þeim fjölgað í 42. Verkefnið var í lokaáfangi á árinu 2020 eftir að hafa verið framlengt um eitt ár. Til stóð að verkefninu lyki formlega í árslok 2020 en stjórnvöld óskuðu eftir því við Byggðastofnun að verkefnið yrði framlengt til loka árs 2022 og var það gert. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Glæðum Grímsey er Arna Björg Bjarnadóttir, en hún tók við verkefnisstjórn af Karenu Nótt Halldórsdóttur um mitt sumar 2021.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Halla Björk Reynisdóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Gunnar Gíslason, fulltrúi SSNE (áður Eyþings)


Anna Lind Björnsdóttir, fulltrúi SSNE

Karen Nótt Halldórsdóttir, fulltrúi íbúa

Jóhannes Henningsson, fulltrúi íbúa

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun



Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka I. má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2022.

Styrkt verkefni

Verkefnisstjórn ákvað að auglýst yrði eftir styrkumsóknum í Frumkvæðissjóð Glæðum Grímseyjar fyrir árin 2021 og 2022 í einu lagi. Því var auglýst eftir styrkumsóknum í október og rann umsóknarfrestur út þann 24. nóvember 2021. Styrkfé var úthlutað til frumkvæðisverkefna í janúar 2022. Þetta var síðasta úthlutun úr verkefninu Glæðum Grímsey. Samtals bárust tólf umsóknir í Frumkvæðissjóð að þessu sinni og hlutu allar styrk. Alls nam styrkfjárhæðin samtals 16.430.000. Heildarfjárhæð umsókna nam samtals kr. 23.300.000. Úthlutunar var áður getið í ársskýrslu Brothættra byggða fyrir árið 2021 en m.a. í ljósi breytinga á úthlutun þar sem styrk var skilað og endurúthlutað er uppfærð tafla birt hér á eftir:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Photographing Grímsey	Einar Guðmann	Framleiðsla þriggja þátta á ensku sem vekja sérstaka athygli á Grímsey sem áfangastað fyrir landslags- og náttúru ljósmyndara.	800.000

Vörulína fyrir Grímsey	Gyða Henningsdóttir	Þróun vörulínu minjagripa og ljósmynda sem draga fram einkenni og sérstöðu Grímseyjar.	700.000
Gólfefnaskipti Básavík	Básavík ehf.	Endurnýjun gólfefnis á gistiheimilinu Bása.	300.000
Menntabúðir við heimskautsbaug	Hallgerður Gunnarsdóttir	Fjölgun gesta í eygni með fjölbreyttum námskeiðum á sviði menntunar og lista í fallettri náttúru eyjarinnar.	1.000.000
Bætt þjónusta við ferðamenn í Grímsey	Muninn ehf.	Aukið og bætt framboð á afþreyingu fyrir ferðamenn og íbúa í Grímsey.	2.800.000
Orkuskipti í Grímsey, uppl. og fræðsla	Vistorka ehf.	Miðlun upplýsinga um árangur orkusparnaðar- og orkuskiptaaðgerða sem eru yfirstandandi.	800.000
Ábyrg eyjaferðaþjónusta	Háskólinn á Hólum, Laufey Haraldsdóttir	Stöðumat og rannsókn á hvernig ábyrg eyjaferðaþjónusta geti þjónað hagsmunum og framtíðarsýn íbúa.	1.800.000
Sumarsólstöður í Grímsey	Kvenfélagið Baugur	Framkvæmd árlegrar bæjarhátíðar í tilefni af sumarstólstöðum.	600.000
Grímsey design	Mayflor Perez Cajes	Þróun og markaðssetning vörulínu Grímsey Design. M.a. nýting á svartfuglseggjum til listsköpunar.	800.000
Starfs- og vinnuaðstaða Kvenfél. Baugur	Kvenfélagið Baugur	Húsnæði í leikskólanum í Múla umbreytt í skrifstofuaðstöðu með aðstöðu til að sinna m.a. störfum óháð staðsetningu.	1.600.000
Gestalestin í Grímsey	Krían ehf.	Keypt var lest, þ.e. nokkrir litlir farþegavagnar sem dregnir eru af dráttarvagni. Markmiðið er að fara með gesti um eyjuna.	3.000.000
Hreinsunarátak	Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar	Flokkun og flutningur á brotajárni, rusli og spilliefnum úr eyju upp á fastalandið.	600.000
			Samtals kr. 14.800.000

Fundir

Á verkefnistímanum voru árlega haldnir íbúafundir.

Á verkefnistímanum fundaði verkefnisstjóri reglulega með verkefnisstjórn. Fundir féllu þó að nokkru leyti niður í COVID-19-faraldrinum. Frá haustinu 2021 hafa verkefnisstjóri og verkefnisstjórn nær oftast fundað mánaðarlega, fyrir utan sumarmánuðina og þá gjarnan í fjarfundi.

Auk almennra íbúafunda voru haldnir sex íbúafundir vegna uppbyggingar nýrrar Miðgarðakirkju. Sú kirkja sem reist var í Grímsey 1867 brann til grunna að kvöldi 21. september 2021. Íbúar ákváðu strax að ný kirkja skyldi rísa. Í lok árs 2021 samdi sóknarnefnd Miðgarðakirkju við verkefnisstjóra GLG um að taka að sér verkefnisstjórn við uppbyggingu hinnar nýju kirkju í hlutastarfi. Bygging kirkjunnar skarast við verkefnið GLG, en ákveðið var að kirkjan skyldi þjóna fjölbættu hlutverki þ.e. auk helgihalds yrði byggingin nýtt sem menningar-, sýningar- og tónlistarhús. Auk þess sem byggð yrðu við kirkjuna salerni með séraðgengi sem myndi leysa úr brýnni salernisþörf ferðamanna í eyjunni

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Verkefnisstjóri (2021-2022) lagði áherslu á að koma á persónulegu samtali við íbúa. Hann fór ófáar ferðir til Grímseyjar, sem hann telur hafa skipt miklu máli í upphafi ráðningartímans. Frumkvæði og kraftur er svo sannarlega til staðar hjá íbúum og þeir sækjast eftir atvinnuráðgjöf og handleiðslu. Samtakamáttur Grímseyinga kom í ljós við bruna Miðgarðakirkju. Grímseyingar komu saman í félagsheimilinu Múla kvöldið eftir að kirkjan brann og ákváðu þá strax að reisa nýja kirkju. Sú ákvörðun staðfestir að Grímseyingar hafa trú á framtíð eyjarinnar og vilja byggja hana upp. Það sama kom út úr viðtölum sem fulltrúar sveitarfélagsins tóku við alla lögráða íbúa eyjarinnar 2018.

Sjávarútvegur er nauðsynleg forsenda byggðar í eyjunni, og í því samhengi þarf hið opinbera að finna leiðir til að auðvelda nýliðun. Þegar horft er til tillagna Auðlindarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu er ljóst að Grímseyingar þurfa að leggja á ráðin með frekara samstarf, fullvinna aflann og vinna að vöruþróun. Til staðar eru tækifæri til að skapa meiri verðmæti úr sjávarfangi og fjölga þannig störfum. Verkefnisstjóri telur afar mikilvægt að Grímsey njóti áfram handleiðslu við uppbyggingu atvinnulífs og samfélags, sem og að koma hagsmunamálum á framfæri við viðeigandi aðila. Á næstu árum, sértaklega nú þegar verkefninu Glæðum Grímsey sleppir, er því áriðandi að sveitarfélagið vinni náið með íbúum að uppbyggingu innviða og tali fyrir hagsmunum eyjarinnar við ríkisvaldið. Að sama skapi er mikilvægt að Grímseyingar axli sambærilega ábyrgð m.a. með því að fjárfesta í uppbyggingu af ýmsu tagi í eyjunni, leggja lóð á vogarskálar við markaðssetningu og tali einum rómi þegar kemur að stórum hagsmunamálum sem varða framtíð eyjarinnar. Afar mikilvægt er að Grímseyingar sýni þannig í verki og orði að þeir sjálfir hafi trú á framtíðar eyjarinnar. Til mikils er að vinna enda er Grímsey einstök náttúruþaradís og um að ræða einstakt eyjarsamfélag við heimskautsbaug.

ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Verkefnið Áfram Árneshreppur hóf göngu sína árið 2017 og er nú í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða. Íbúaping var haldið í júní 2017, þar settu íbúar fram markmið og áætlun var gerð um fyrstu skref í verkefninu. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn hafa unnið eftir þeirri verkefnisáætlun í höfuðdráttum en jafnframt brugðist við aðstæðum sem upp hafa komið jafnóðum. Íbúum hafði fækkað jafnt og þétt í Árneshreppi. Íbúafjöldinn varð mestur á stríðsárunum, þá bjuggu á sjötta hundrað í hreppnum, en nú eru þar aðeins 47 einstaklingar með lögheimili m.v. 1. janúar 2023, nokkuð fleiri en árin á undan. Á verkefnistíma Áfram Árneshreppur hefur íbúafjöldinn lítið breyst. Nánari umfjöllun um breytingar á íbúafjölda má sjá í kafla 5. Verkefnisáætlun er að finna [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Áfram Árneshreppur er Skúli Gautason.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi íbúa, formaður stjórnar

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Agnes Arnardóttir, fulltrúi Vestfjarðastofu

Kristmundur Kristmundsson, fulltrúi íbúa

Linda Guðmundsdóttir (jan.-júní)

og Davíð Már Bjarnason (júlí-des.), fulltrúar íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun



Skúli verkefnisstjóri í kröppum dansi í Árnesi

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka II. má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2022.

Styrkt verkefni

Alls bárust 15 umsóknir um styrki. Fjórtán þeirra hlutu styrkvilyrði úr Frumkvæðissjóði. Alls var úthlutað 7.000.000 kr.

Af þessum 14 afbökkuðu þrír styrkhafar styrkinn og bætist sú upphæð við styrkveitingu 2023. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Baskavígin	Baskasetur Íslands	Styrkur veittur til hönnunar og kaupa á gluggum, mannopum, múrviðgerðarefnum og útihurðum á tank sem á að nota fyrir fyrirhugaða Baskasýningu.	1.000.000
Reyking á þorski og ýsu	Salti síkáti ehf.	Koma upp aðstöðu til að reykja matvæli. Styrkþegar hyggjast bjóða öðrum íbúum að nýta aðstöðuna utan þess tíma sem verið er að reykja þorsk og ýsu.	400.000
Markaðssetning Árneshrepps		Kynning og markaðssetning á Árneshreppi.	600.000
The Factory	Hótel Djúpvík	Uppsetning á myndlistarsýningu.	250.000
Nytjaplöntur í Árneshreppi	Oddný Ágústa Hávarðardóttir	Tilraunaræktun á nytjaplöntum í Árneshreppi, m.a. burnirót og hampi. Styrkþegar seldu síðan jörðina og afþökkuðu því styrkinn.	200.000 (styrk skilað)
Deiliskipulag fyrir heilsárshús	Urðartindur ehf.	Vinna deiliskipulag fyrir heilsárshús í Norðurfirði og greiða með því götu þeirra sem vilja flytjast í sveitarfélagið.	600.000
Handverkshorn	Verzlunarfjelag Árneshrepps	Gera Verzlunarfjlagið meira aðlaðandi í anda handverks og kaffihúsamenningar.	300.000
SmávirkJun í Húsa í Ófeigsfirði	Háireki ehf.	Styrkur veittur til efniskaupa og uppsteypu á stöðvarhúsi vegna smávirkJunar. Rafmagnið verður m.a. nýtt til hreinsunar á æðardúni.	700.000
Það er heim	Hilmar Vilberg Gylfason	Hanna logo fyrir lagið Víkursveit – það er heim. Styrkveitingin var síðan afþökkuð og bætist styrkupp hæðin því við úthlutun vegna ársins 2023.	150.000 (styrk skilað)
Rafvæðing tjaldstæða	Urðartindur ehf.	Framhaldsstyrkur til að rafvæða tjaldstæði í Norðurfirði og bæta með því aðstöðu fyrir ferðamenn.	200.000
Báturinn Mjóni	Guðmundur Pétursson	Að hýsa menningararf sem felst í bátnum Mjóna, sem hefur verið gerður upp.	300.000
Fjarvinna í Árneshreppi	Arnar Arinbjarnarson	Greina möguleika á fjarvinnslustöð í Árneshreppi og þarfagreiningu í tengslum við hana.	400.000

Strandaband	Sveindís Guðfinnsdóttir	Koma upp vélum og tækjum til að vinna þrjónaband úr hráull af svæðinu. Styrkþegar seldu síðan jörðina sína og afþökkuðu styrkinn.	1.650.000 (styrk skilað)
Heitur pottur á enda hjólaleiðar	Tyler Wacker	Hanna hjólaleið yfir Trékyllisheiði.	250.000
			Samtals kr. 7.000.000

Fundir

Verkefnisstjórn hélt sjö fundi á árinu, 10. janúar, 16. febrúar, 3. mars, 31. maí, 23. júní, 9. nóvember og 6. desember. Auk þess fundaði undirbúningshópur vegna styrkveitinga Áfram Árneshrepps 28. febrúar, en formleg úthlutun fór fram í Árneshreppi nokkru síðar.

Íbúafundur var haldinn í félagsheimilinu í Trékyllisvík 23. júní. Nokkuð góð þátttaka var á honum, en um 28 manns mættu á fundinn. Haldnir voru fundir „næstu kynslóðar“ með ungu fólki með tengsl við Árneshrepp í fjarfundum 10. febrúar, 7. júní og 4. ágúst og „spjallfundur með bjórívafi“ í Trékyllisvík 26. ágúst. Góð þátttaka var á þeim viðburði og almenn ánægja. Auk þessara funda hafa verið haldnir mánaðarlegir fjarfundir með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða um land allt. Þeir hittust síðan allir á ráðstefnu í Hveragerði í lok nóvember.

Verkefnisstjóri tók þátt í undirbúningi forsýningar á kvikmyndinni Svar við bréfi Helgu, en hún var tekin að mestu leyti í Árneshreppi. Myndin var sýnd í félagsheimilinu í Trékyllisvík 27. ágúst við mjög góðar undirtektir og var bókstaflega troðið út úr dyrum.

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Almennt séð held ég megji segja að verkefnið hafi heppnast vel. Nokkur stór verkefni hafa komist af stað eða eru í startholunum. Þannig má reikna með að ýmis verkefni verði ekki að veruleika eða verði ekki lokið fyrr en eftir að verkefnistímanum lýkur. Ég tel að verkefnið hafi almennt verið litið jákvæðum augum af íbúum Árneshrepps, allavega þegar á verkefnið leið og fólk fór að sjá árangurinn í verki.

Ferðaþjónusta í Árneshreppi hefur verið að aukast og getur aukist enn með fjölgun gistirýma og afþreyingarmöguleika. Afþreyingarmöguleikum fer fjölgandi og þjónustustig hækkar. Nú er áriðandi að styðja vel við atvinnuuppbyggingu og hvers kyns verðmætaaukningu í hreppnum. Komið hafa fram ágætar hugmyndir um

að gera átak í að kynna Árneshrepp betur sem hreint og sjúkdómalaust sauðfjárhérað, jafnvel gera samninga við eitt eða tvö hágæða veitingahús í Reykjavík eða erlendis um að nýta kjöt úr hreppnum með þessum formerkjum.

Nokkrir nýbúar hafa kosið að dvelja allt árið í Árneshreppi. Helst er það fólk sem stundar fjarvinnu, og stundar jafnvel vinnu í öðrum löndum frá Árneshreppi. Möguleikar eru á því að nýta húsnæði sem stendur autt fyrir slíka stafræna flakkara og aðra sem geta unnið störf óháð staðsetningu. Í þessu er fólgin fljótlegasta leiðin til að snúa fólksfækkun við. Fólk sem hefur valið slík störf hefur verið boðið velkomið og því standa til boða ýmis störf, t.d. aðstoð við búskap og umönnunarstörf. Til að þetta geti blómstrað þarf að tryggja hnökralaus netsamskipti með ljósleiðara um allan hrepp.

Um verkefnið Brothættar byggðir almennt: Til að verkefnið fái aukið vægi þarf það að byggðarlag sé tekið inn í Brothættar byggðir að fá einhverskonar stjórnsýslulega stöðu þvert á ráðuneyti. Þannig mætti hugsa sér að ef tvö verkefni væru lögð að jöfnu hefði það verkefni forgang sem væri í Brothættum byggðum.

ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR

Undirbúningur að verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar hófst árið 2017. Íbúáþing var haldið í mars 2018 þar sem lagðar voru línur um markmið og framkvæmd verkefnisins. Verkefnið er nú í lokaáfangi Brothættra byggða. Á síðari hluta árs 2021 óskaði Ísafjarðarbær eftir því að verkefnið yrði framlengt um eitt ár og varð Byggðastofnun við þeirri beiðni. Verkefninu lauk í árslok 2022 hvað aðkomu Byggðastofnunar varðar. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Allra vatna til Dýrafjarðar er Agnes Arnardóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Arná Lára Jónsdóttir, fulltrúi Ísafjarðarbæjar

Birta Bjargardóttir, fulltrúi Blábankans

Sigurður Línadal Þórisson, fulltrúi Vestfjarðastofu

Erna Höskuldsdóttir, fulltrúi Íbúa

Guðmundur Ólafsson, fulltrúi Íbúa

Guðrún Dögg Gunnarsdóttir, fulltrúi Íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka III. má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2022.

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir umsóknum til frumkvæðisverkefna í janúar. Til úthlutunar voru 9.369.000 að meðtöldum fjármunum sem ekki höfðu nýst á fyrri árum. Alls barst 21 umsókn og heildarupphæð umsókna um styrki nam rúmlega 29 milljónum króna. Heildarumfang verkefna var um 50 milljónir. Allt voru þetta umsóknir sem vísuðu til markmiða í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar. Stjórn ÖVD samþykkti að veita að þessu sinni styrk til samtals 20 fjölbreyttra verkefna. Sjá má upplýsingar um styrkt verkefni úr Frumkvæðissjóði Allra vatna til Dýrafjarðar í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Á jaðrinum – Aldrei fór ég suður kemur til Þingeyrar	Fasteignafélagið Þingeyri ehf	Ný tónlistarhátíð, Á jaðrinum- Aldrei fór ég suður, sem ráðgert er að verði haldin í Bjarnaborg. Samvinnuverkefni með Aldrei fór ég suður tónlistarhátíðinni á Ísafirði þar sem sömu flytjendur verða á báðum stöðum.	350.000
Bakkabræður, brúðumynd fyrir sjónvarp	Kómedíuleikhúsið Kómedíuleik húsið	Nýsköpun á listasviðinu á Vestfjörðum. Framleiðsla á barnaefni fyrir sjónvarp og streymisveitur. Brúðumyndagerð, kvikmyndagerð, fjórir þættir um Bakkabræður.	600.000
Balinn / The Tub Art Space	Emilie Dalum	Uppsetning listasýningarinnar Umhverfing í Balanum. Styður við listir, menningu og býður heimafólki og gestum upp á afþreyingu tengda listum.	200.000
Draumasmiðjan, Nýsköpunarskóli fyrir unga frumkvöðla	Einar Mikael Sverrisson	Nýsköpunarverkefni fyrir grunnskólanemendur og ungmenni. Frumkvöðlaskóli, átta vikna námskeið, kennt einu sinni í viku. Margir samstarfsaðilar og fyrirlesarar/frumkvöðlar með innlegg.	600.000
Ferðaþjónusta	Odin Adventures	Aukin afþreying í ferðaþjónustu með skipulögðum kajakferðum sem byggja á sögu byggðarlagsins m.a. sögu víkinganna. Stofnun kajakklúbbs fyrir heimamenn. Samstarfsaðilar- heimafólk.	500.000
Fjölskylduþjónusta á Þingeyri	Ubebu ehf.	Nýjung í afþreyingu/líkamsrækt, fjölskylduþjónusta að sumarlagi og um páska. Samstarfsaðili er Íþróttafélagið Höfrungur.	250.000

Gengið í gegnum vestfirsku Alpana	Tyler Wacker	Þróun gönguleiðar á milli Svalvogavita og Dynjanda í gegnum vestfirsku alpana. Undirbúningur, ganga, skráning og myndbandsgerð um gönguleiðina.	300.000
Gláma, uppbygging	Golfklúbburinn Gláma	Áframhaldandi uppbygging golfaðstöðu á Þingeyri. Sótt er um styrk fyrir sláttuvél.	869.000
Heitar og kaldar helgar á Þingeyri – þróun á	Fasteignafélagið Þingeyri ehf.	Tilraunaverkefni sem hvetja á til afþreyingar á ársgrundvelli sem stuðla á að heilsársferðamennsku á Þingeyri í tengslum við heilsárshótel. Hotjógga og sjósund. Þróun og hönnun afþreyingarmöguleika, viðburður settur upp. Aðkeyptur jógakennari.	450.000
Í garðinum hjá Láru	Pétur Albert Sigurðsson, verkefni flutt til Fasteigna-félagsins Þingeyri ehf.	Árleg tónleikaröð í garðinum hjá Láru sem hefur fest sig í sessi. Frítt er inn á tónleikana. Sótt er um styrk vegna kostnaðar við að fá listamenn í heimsókn og fl. Stuðlar að blómlegu tónlistar- og menningarlífi bæði fyrir heimafólk og gesti.	700.000
Komdu til Þingeyrar 2022	Blábankinn	Markaðssetning Þingeyrar sem áfangastaðar 2022. Sameiginlegt viðburðadagatal fyrir sumarið 2022. Samstarf þjónustuaðila á svæðinu. Sótt er um styrk til gerðar kynningarefnis, þ.e. myndefni, grafísk hönnun og útgáfa kynningarefnis.	850.000
Listakvöld	Monika Janina Kristjánsdóttir	Opin þematengd listakvöld í þrjú skipti (3 klst. í senn) þar sem nemi í grafískri hönnun miðlar af reynslu sinni. Sótt er um styrk fyrir efniskostnaði, launum og veitingum.	200.000



Þingeyri og Vestfirsku Alparnir

Outdoor activities and discovery program in Dýrafjörður	Biet Sébastien	Þematengt útivistar- og uppgötvunarnám fyrir börn og ungmenni, loft, eldur, vatn og jörð. Engin þátttökugjöld, viðburðurinn verður haldinn þrisvar sinnum í þrjá daga sumarið 2022.	700.000
Skelin – athafnahús á Þingeyri	Á sjó og landi ehf.	Verkefnið snýr að því að finna leiðir til að koma atvinnustarfsemi í húsið Skelina. Þrjár verkþættir: notkunarmöguleikar kortlagðir, hönnun rýmis, kynning á húsnæði til athafnafólks með atvinnurekstur í huga.	400.000
Skíðasvæði á Þingeyri	Íþróttafélagið Höfrungur	Hugmyndin er að finna nothæft skíðasvæði í nágrenni Þingeyrar og koma upp einföldu lyftukerfi. Umsóknin gengur út á að forvinna og kostnaðargreina verkefnið.	400.000
Startup Westfjords 2022	Blábankinn	Nýsköpunarhraðall/hemill fyrir hópa í streitulausu umhverfi. Skapar grundvöll fyrir nýsköpun, atvinnuuppbyggingu og samtali á milli frumkvöðla og leiðbeinenda.	500.000
Tónsmiðja – Í garðinum hjá Láru	Pétur Albert Sigurðsson, flutt til Fasteigna- félagsins á Þingeyri ehf.	Þriggja daga tónsmiðja í tengslum við tónleika í garðinum hjá Láru. Tónlistaruppeldi og tónlistarupplifun fyrir ungt fólk. Tónsmiðjan var haldin fyrst árið 2021 og er um framhaldsverkefni að ræða.	400.000
Tækifæri	Valdís Bára Kristjánisdóttir	Óskað eftir styrk til gerðar viðskiptaáætlunar vegna standsetningar á vottuðu eldhúsi til kleinubaksturs og fl. Umsækjandi sér fyrir séraðef grundvöllur er fyrir starfseminni gæti það leitt til eins starfsígildis.	300.000 (styrk skilað)
Víkingatjöld og súpupottur	Víkingar á Vestfjörðum	Óskað er eftir styrkt til kaupa á búnaði á víkingasvæði, víkingatjöld og súpupotti.	600.000
Varanlegur reiðhjólaviðgerðastandur á Þingeyri	Tyler Wacker	Uppsetning á reiðhjólaviðgerðastandi á Þingeyri. Umsækjandi hyggst setja upp slíkan stand fyrsta sinnar tegundar á Vestfjörðum.	200.000 (styrk skilað)

			Samtals kr.
			9.369.000



Agnes verkefnisstjóri fer yfir stöðu markmiða á íbúafundi á Þingeyri

Fundir

Stjórnarfundir voru ellefu árið 2022, bæði með allri stjórninni og undirbúningsnefnd stjórnar vegna styrkúthlutunar. Stjórnarfundir voru óvenju margir á árinu sem kom til m.a. vegna óska um flutning verkefna á milli aðila og beiðna um frestun á framkvæmd styrktra verkefna. Verkefnisstjórn átti ennfremur einn langan vinnufund sem haldinn var í tengslum við íbúafundinn 15. júní. Mikilvægt er að halda að minnsta kosti einn slíkan vinnufund á ári þar sem farið er yfir stöðu verkefna og eftirfylgni þeirra ásamt því að leggja línurnar fyrir sem bestum framgangi verkefnisins.

Íbúafundur var haldinn 15. júní eftir nokkrar frestanir vegna samkomutakmarkana. Verkefnisstjóri hefur setið fjöldann allan af öðrum fundum, sem tengjast styrkumsóknum og ýmiss konar aðstoð við fyrirtæki og íbúa. Mánaðarlega fundi með bæjarstjóra, bæjarritara Ísafjarðarbæjar, sviðsstjóra umhverfis- og eignarsviðs, formanni íbúasamtakanna og framkvæmdastjóra Blábankans ásamt mánaðarlegum fundum með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða.

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Hér er stiklað á stóru um hvað hefur áunnist og má þar m.a. nefna að kynntar hafa verið ýmsar leiðir sem miða að

atvinnuuppbyggingu og eflingu samfélagsins. Stuðningur veittur til frumkvöðla til að koma hugmyndum í framkvæmd, nýtt fjármagn komið til svæðisins sem miðar að atvinnuuppbyggingu, eflingu menningar og samfélagsins í heild sinni. Aukin samvinna meðal íbúanna á ýmsum sviðum ásamt því að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur orðið betur áskynja um stöðu svæðisins.

Árið 2022 litaðist að mörgu leyti af heimsfaraldri sem hafði áhrif á framgang verkefnisins framan af árinu. Að sama skapi hafði það áhrif á framgang styrktra verkefna sem mörg hver þurftu að óska eftir lengri fresti til að ljúka þeim, ásamt því að fresta þurfti einhverjum viðburðum, sérstaklega fyrri part ársins.

Mikilvægt var að geta haldið íbúafund þó svo að það hafi ekki getað orðið að veruleika fyrr en um mitt árið. Verkefnið byggir jú á áhuga íbúanna, þeirra sýn á framtíðina og framgang verkefnisins. Mæting var alveg þokkaleg og skiluðu fundarmenn góðri vinnu. Hugur er í fólki og mikill vilji fyrir því að efla samfélagið og vinna áfram að fjölbreyttu atvinnulífi. Ýmislegt hefur þrátt fyrir allt áunnist t.d. var lokið við að deiliskipuleggja lóðir fyrir nýbyggingar og var það sett í ferli á árinu. Er þetta stórt framfaraskref þar sem eitt af stóru málum byggðarlagsins er skortur á íbúðarhúsnæði. Einnig má nefna að á árinu var fyrsta atvinnuhúsnæðið byggt á staðnum í yfir tuttugu ár. Í þessu húsnæði er gert ráð fyrir að fimm aðilar geti haft aðstöðu fyrir hina ýmsu atvinnustarfsemi.

Verkefnisstjóri hefur eins og áður átt í miklu og góðu sambandi við íbúana, einnig má segja að áhugi íbúanna sé þó nokkur gagnvart verkefninu. Kom það rækilega fram í rýnihópaviðtölunum sem kynnt voru í upphafi ársins. Misjafnt er þó hversu mikið frumkvæði íbúarnir sýna verkefnum sem tengjast markmiðunum, sem þeir settu sér í upphafi.

Íbúasamtökin hafa haldið áfram að eflast og kom verkefnisstjóri að því verkefni, með því að sitja alla stjórnarfundir íbúasamtakanna sem áheyrnarfulltrúi og aðstoðað við að miðla síðan áfram til sveitarfélagsins þeim málefnum sem tekin eru fyrir hverju sinni.

Að lokum telur verkefnisstjóri mikilvægt að vanda vel til verka og vinna að áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins og atvinnulífsins.

BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Verkefnið Betri Bakkafjörður hófst snemma árs 2019 í samræmi við tillögu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarðar. Á þessum tíma þótti ljóst að byggðin þyrfti á verulegum stuðningi að halda frá ríki og sveitarfélagi til að geta staðið af sér frekari áföll. Í mars sama ár var haldið íbúáþing sem var vel sótt. Þar voru helstu hugðarefni íbúa rædd og var áberandi að íbúar af erlendu bergi brotnir voru duglegir að mæta og taka þátt í umræðum. Mikið hafði verið lagt upp úr að kynna verkefnið á meðal íbúa á á erlendum tungumálum enda fjölmenningsarsamfélag á Bakkafirði. Einnig var boðið upp á túlkun á þinginu. Verkefnið var í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða á árinu.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar er Gunnar Már Gunnarsson en hann tók við af Ólafi Áka Ragnarssyni á miðju ári 2021. Breytingar urðu m.a. eftir sveitarstjórnarkosningar á vormánuðum, þeir sem tóku við eru fyrir aftan fulltrúa sem hófu árið.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Jónas Egilsson / Valdimar Halldórsson / Björn S. Lárusson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

Þorsteinn Ægir Egilsson / Sigurður Guðmundsson, oddviti Langanesbyggðar

Rebekka K. Garðarsdóttir / Hildur Halldórsdóttir, SSNE

Mariusz Mozejko, fulltrúi íbúa

Gunnlaugur Steinarsson, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun



*Íbúar og aðrir gestir skoða sig um á útsýnis-
palli á Hafnartanganum á Bakkafirði*

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka IV. má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2022.

Styrkt verkefni

Á árinu 2022 var 8.800.000 krónum úr verkefninu Betri Bakkafjörður úthlutað til átta samfélagsefandi verkefna á Bakkafirði. Auglýst var eftir umsóknum í mars, fjórtán umsóknir bárust um styrki að upphæð kr. 76,5 milljónir. Til úthlutunar voru kr. 7,0 milljónir sem komu í gegnum verkefnið Brothættar byggðir fyrir árið 2022, auk þess kr. 1,8 milljónir sem verkefnisstjórn hafði innkallað frá fyrri úthlutunum. Verkefnin eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins. Verkefnin og styrkupphæð má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupphæð
Fjöruviður	Reimar Sigurjónsson	Hönnun nytjahluta úr rekaviði sem til fellur á jörðinni Felli. Skrautmunir jafnt sem húsbúnaður innan og utan dyra.	650.000
Samspil frá nyrstu ströndum	Vilhjálmur B. Bragason	Menningarhátíð til heiðurs skáldum frá Langanesströnd sem tekur mið af helstu meginþráðum í listsköpun og menningararfi svæðisins.	500.000
Gunnólfs- víkurfjallið er svo blátt	Birgir Ingvarsson	Sýning í máli og myndum um síldarævintýrið á Bakkafirði sem lið í baráttu kynslóðanna við að halda mannlífi og byggð í Bakkaflóa.	500.000
Endurbætur á Arnarbúð	Björgunarsveitin Hafliði	Endurnýjun og hönnun björgunarmiðstöðvarinnar innan húss. Áhersla lögð á að virkja félags- og framfaramátt samfélagsins til þátttöku í verkefninu.	1.200.000
Bakkafest	Þórir Örn Jónsson	Menningarhátíð sem haldin verður í þriðja sinn á árinu 2023. Lífleg dagskrá fyrir alla aldurshópa sem er þátttakendum að kostnaðarlausu.	750.000
Gjafagrindur	Krzysztof Krawczyk og Sigríður Ósk Indriðadóttir	Bætt vinnuaðstaða og aðbúnaður við sauðfjárbú. Styrkur veittur til kaupa og uppsetningar á gjafagrindum og tilheyrandi aðstöðu í fjárhúsi.	950.000
Markaðs- þjónusta	Sædís Ágústsdóttir	Stofnun markaðsþjónustufyrirtækis sem býður upp á helstu markaðs- og auglýsingaþjónustu s.s. umbrot, útlit heimasíðu, þróun og hönnun vörumerkja.	1.000.000 (styrk skilað)
Þjónustu- verkstæði	Mariusz Mozejko	Lokafrágangur og uppsetning á vélaverkstæði fyrir bíla jafnt sem almennar vélaviðgerðir.	1.000.000
Orkusparnaður á Bakkafirði	Langanesbyggð	Markmið verkefnisins er að útvega hitun fyrir Hafnartangann og nærliggjandi svæði en með nýrri tækni og framþróun er afmörkuð hitaveita talin raunhæfur kostur.	1.250.000
Þjónustukjarni	Þórir Örn Jónsson	Átak í að efla nærþjónustu á Bakkafirði t.d. með pöntunarþjónustu og veitingastað þar sem bryddað er upp á ýmsum viðburðum.	1.000.000

			Samtals kr. 8.800.000
--	--	--	--------------------------

Fundir

Verkefnisstjórn hélt sjö formlega fundi á árinu. Verkefnisstjóri hefur einnig setið fundi hverfisráðs Bakkafjarðar og þá eru haldnir reglulegir fundir starfsmanna SSNE.

Tveir íbúafundir voru haldnir á Bakkafirði á árinu. Sá fyrri var haldinn 24. mars þegar Bakkfirðingar tóku á móti forseta og forsetafrú í opinberri heimsókn þeirra í Langanesbyggð. Þá komu þau við í Skeggjastaðakirkju, sem er elsta timburkirkja á Austurlandi byggð 1845, og í Djúpalæk, þar sem Bakkfirðingar hafa reist minnisvarða til heiðurs Kristjáni Einarssyni skáldi frá Djúpalæk. Seinni íbúafundurinn var haldinn 18. ágúst af verkefnisstjórn Betri Bakkafjarðar. Íbúar ræddu sín á milli búsetugæði á Bakkafirði og árangur verkefnisins Betri Bakkafjarðar, og settu fram endurnýjuð starfsmarkmið. Fundurinn var afar vel sóttur en að honum loknum var nýr útsýnispallur vígður. Um er að ræða fyrsta áfanga verkefnisins „Hafnartanginn á Bakkafirði áningarstaður við ysta haf“.

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Sameining Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps var samþykkt og gekk í gildi á árinu. Nýtt og stærra sveitarfélag hefur ef að líkum lætur meiri burði til að blása til sóknar og nýta þau tækifæri sem sameiningin býður upp á. Þetta hefur þegar sýnt sig og nú er í burðarliðnum stofnun atvinnu- og nýsköpunarhúss, þar sem horft verður til þess að efla mannauð Langanesbyggðar. Sú vinna hlýtur að gagnast öllum íbúum en þó er nauðsynlegt að fylgja henni vel eftir og styrkja betur tengsl byggðakjarnanna innan sveitarfélagsins.

Sótt var um í ýmsa sjóði á árinu, til að stuðla að eflingu byggðar við Bakkaflóa. Langanesbyggð hóf t.a.m. tilraunaverkefni um orkusparnað, í samstarfi við bæði Orkusjóð og SSNE. SSNE hlaut 10 m.kr. styrk úr byggðaáætlun, C.01. Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða, til að koma að verkefninu með Langanesbyggð. Bakkafjörður er staðsettur á skilgreindu köldu svæði og gengur verkefnið út á að bora holur í jörð á völdum stöðum, gagnert til að nýta með jarðvarmadælum. Þá auglýsti Þjóðskjalasafn Íslands til umsóknar tímabundið starf á Bakkafirði við skráningu sóknarmannatala. Starfið byggir á styrksamningi Þjóðskjalasafns Íslands við Byggðastofnun f.h. innviðaráðherra, með vísan í aðgerð B.8. Fjarvinnslustöðvar í stefnumótandi byggðaáætlun. Tilraunaverkefni um pöntunarþjónustu, framhald fyrra verkefnis frá 2019 sem er lokið, fékk einnig styrk að upphæð kr. 1.644.000 á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar vegna verkefna sem tengjast aðgerð A.9. Verslun í dreifbýli.



Frá hópaumræðum á íbúafundi í Strandabyggð

STERKAR STRANDIR

Undirbúningur að verkefninu hófst á árinu 2019 en formlega var því fylgt úr hlaði á íbúapingi sem haldið var í júní 2020 þar sem íbúar komu saman og unnu að markmiðum í tveggja daga vinnubúðum. Íbúapinginu var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi. Í framhaldi íbúafundarins vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúapróunar, atvinnuþátta og atvinnuþróunar auk sérstöðu byggðalagsins. Niðurstöður íbúapingsins, stöðugreiningin auk annarra greininga sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið sem lögð voru fyrir íbúa til samþykktar á rafrænum íbúafundi þann 12. nóvember 2020.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu Sterkar Strandir er Sigurður Líndal Þórisson.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Jón Jónsson, fulltrúi sveitarfélagsins Strandabyggðar (janúar – júní)

Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi Strandabyggðar (júlí -)

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Agnes Arnardóttir, fulltrúi Vestfjarðastofu

Esther Ösp Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa

Guðrún Ásla Atladóttir, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka V. má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2022.

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir umsóknum í desember 2021. Umsóknarfrestur rann út 31. janúar 2022. Til úthlutunar voru að þessu sinni kr. 10.850.000 kr. Alls bárust 22 umsóknir um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 35.176.345. Fjöldi góðra umsókna barst en ekki var hægt að úthluta styrkfé til allra verkefna að þessu sinni þar sem heildarupphæð umsókna var mun hærri en það fé sem til úthlutunar var.

Verkefnisstjórn Sterkra Stranda samþykkti styrkveitingu til 12 verkefna á fundi sínum þann 17. febrúar 2022.

Vanháfnisreglna var gætt í hvívetna í ferlinu öllu. Verkefnin og styrkupphæð má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupphæð
Hljóðverkshúsið	Arnór Gunnarsson	Verkefnið snýr að uppbyggingu aðstöðu til hljóðefnisgerðar og framleiðslu á hljóðefni. Styrkveiting snýr að handrita- og dagskrárgerð.	400.000
Bilana- greiningatölva	Viðgerðir Vignis ehf.	Búnaðarkaup á bilanagreiningatölvu fyrir eina starfandi vélaverkstæðið í Strandabyggð. Bílaumboð geta einnig tengst inn á tölvuna.	420.000
Golfhermir	Golfklúbbur Hólmavíkur	Styrkur til kaupa á golfhermi sem eflir starfsemi félagsins allan ársins hring og laðar að nýja félaga.	600.000
Söguskilti á Viðeyjarhúsið	Þráinn Ingimundarson	Uppsetning á söguskilti við Viðeyjarhúsið þar sem merkilegri sögu hússins verða gerð skil.	250.000
Galdur Brugghús	Galdur brugghús	Standsetning húsnæðis og uppsetning brugghúss í gamla sláturhúsinu á Hólmavík. Um er að ræða brugghús með 650 ltr. ölgerðarbúnaði.	1.600.000
Garðávaxtarækt á Ströndum	Guðfinna Lára Hávarðardóttir og Ágúst Helgi Sigurðsson	Nýsköpunarverkefni í dreifbýli sem snýr að því að vélvæða framleiðslu garðávaxta á Stóra-Fjarðarhorni og auka þannig framleiðslu á gæðavöru með góðu afhendingaröryggi.	2.900.000
Náttúruskoðun á kajak	Áratak ehf.	Styrking ferðaþjónustu í dreifbýli, markmið að leigja út kajaka til náttúruskoðunar á Broddanesi.	500.000

Afmælis dagskrá Sauðfjár- setursins	Sauðfjársetrið á Ströndum	Viðamikil afmælis dagskrá allt árið í tilefni af 20 ára afmæli Sauðfjársetursins. Fjölbreyttir viðburðir tengdir saman undir merkjum afmælis dagskrár í markaðssetningu og kynningu.	800.000
Galdrastafir og tákni í húðflúrum	Strandagaldur ses.	Uppsetning sýningar um hvernig íslenskir galdrastafir og tákni koma inn í húðflúrun. Tímabundin sýning í 1-2 ár, viðbót við starfsemi Galdrasýningarinnar.	550.000
Fiskvinnsla og krabbaverkun	Hafgustur ehf.	Standsetning á iðnaðarhúsnæði til nota undir fisk- og krabbavinnslu.	2.000.000
Sjóstangveiði á Ströndum	ÓBH útgerð	Nýr afþreyingarmöguleiki fyrir ferðamenn og íbúa byggðarlagsins. Styrkur veittur til frekari undirbúnings og þekkingaröflunar fyrir sjóstangveiði á Ströndum.	450.000
Sýnileiki Stranda	Sýslið verkstöð	Vandaður fréttaflutningur með það að markmiði að byggja upp jákvæða ímynd Stranda með umfjöllun um fjölbreytt atvinnu- og mannlíf á svæðinu.	380.000
			Samtals kr. 10.850.000

Fundir

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri funduðu alls sex sinnum með fjarfundarbúnaði árið 2022. Því til viðbótar var haldinn íbúafundur þann 24. ágúst 2022 og verkefnisstjórn kom saman til vettvangsferðar um Strandabyggð af því tilefni ásamt fulltrúum Byggðastofnunar utan stjórnar.

Verkefnisstjóri hefur setið mikinn fjölda funda sem tengjast verkefninu með beinum og óbeinum hætti, þ.m.t. fjölda funda með íbúum er varða ýmis verkefni sem þeim eru hugleikin og aðstoðað fyrirtæki og íbúa. Verkefnisstjórar allra verkefna Brothættra byggða hittast aukinheldur mánaðarlega.

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Við lok árs 2022 er um ákveðin tímamót í verkefninu að ræða. Ljóst má vera að ef ekki verða gagngerar breytingar þá er aðeins eitt ár eftir að verkefninu og því ljúki þá við lok árs 2023.

Starfsumhverfi verkefnisins þarf að breytast til að líkur séu á að verkefnið fái framlengt, sé til þess vilji að um

framlengingu verkefnisins verði sótt.

Verkefnisstjóri telur því ábyrgustu leiðina í sínum störfum felast í því að hlúa sem best að þeim verkefnum sem fram eru komin til loka næsta árs og hefja frágang verkefnisins, svo hægt verði að ganga frá borði með alla hnúta vel hnýttu. Það eru vænlegir sprotar í vexti í Strandabyggð; sprotar sem Sterkar Strandir hafa stutt dyggilega með fjármunum og vinnuframlagi verkefnisstjóra. Vonir standa til að þau fyrirtæki sem hófu starfsemi á tíma Sterkra Stranda, og með fulltingi verkefnisins, verði arfleifð verkefnisins til framtíðar. Það er engan veginn óraunhæf framtíðarsýn að þegar íbúar líta um öxl að nokkrum árum liðnum megi benda á störf, og fólkið sem í samfélagið er komið til að sinna þeim, sem beina afurð þessa verkefnis.

Margt hefur áunnist á verkefnistímanum, og með samstilltu átaki getum við náð stórum skrefum fram á við síðasta verkefnisárið.

STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR

Stöðvarfjörður hóf þátttöku sína í byggðarþróunarverkefninu Brothættar byggðir í mars 2022. Þá var haldið tveggja daga vel heppnað íbúáþing í blíðskaparveðri og var þátttaka íbúa góð. Á íbúáþinginu komu fram helstu málefni sem brunnu á íbúum, ásamt því að stefna verkefnisins var gróflega mótuð. Fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn voru kosnir og forgangs röðun verkefna var skilgreind eftir kosningu íbúa um þau málefni sem skiptu þau mestu máli. Á íbúáþinginu var svokallaðri „Open space“ aðferð beitt þar sem engin fyrirfram ákveðin dagskrá er mótuð heldur eru íbúar virkjaðir til að taka þau málefni á dagskrá sem þeir telja mikilvægust. Sigurborg Kr. Hannesdóttir frá Ildi stýrði þinginu.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu Sterkur Stöðvarfjörður er Valborg Ösp Árnadóttir Warén.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Alda Marín Kristinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú

Bjarni Stefán Vilhjálmsson, fulltrúi íbúa

Bryngeir Ágúst Margeirsson, fulltrúi íbúa

Stefán Þór Eysteinnsson, fulltrúi Fjarðabyggðar

Valgeir Ægir Ingólfsson, fulltrúi Fjarðabyggðar

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Eydís Ásbjörnsdóttir sat fyrst um sinn í verkefnisstjórn fyrir hönd Fjarðabyggðar en breytingar urðu eftir sveitarstjórnarkosningar sem haldnar voru vorið 2022 og Stefán Þór kom þá inn í verkefnisstjórn.



Hluti verkefnisstjórnar á íbúðingum ásamt verkefnisstjóra og forstöðumanni þróunarsviðs Byggðastofnunar

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka VI. má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2022.

Styrkt verkefni

Opnað var fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð Sterks Stöðvarfjarðar í september, til úthlutunar voru 7,0 m.kr. Frestur til að skila inn umsóknum var til 14. október 2022 og bárust alls 18 umsóknir um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna var 17.149.955 krónur en heildarkostnaður verkefna var kr. 51.710.059.

Ákveðið var að veita styrki til 13 fjölbreyttra verkefna og var formleg úthlutunaráthöfn haldin 18. nóvember. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Kaffibrennslan Kvörn	Kaffibrennslan Kvörn	Styrkurveittur til kaupa á kaffibrennsluvél með brennslugetu upp á 15 kg. Aukin framleiðslugeta.	1.500.000
Hönnun á matvæla- einingu, vottuðu deilieldhúsi og kaffibar	Sköpunar- miðstöðin	Hönnun á matvælaeiningu sem byggir á þarfagreiningu hagaðila sem hyggjast nýta aðstöðuna. Vottað 77 fm eldhús og 62 fm kaffibar.	1.200.000

Heimasíðan stodvarfjardur. is	Guðmundur Arnþór Hreinsson	Uppsetning og efnisöflun fyrir heimasíðu þar sem gestir og heimamenn geta nálgast upplýsingar um þjónustu, staðhætti og þ.h. Myndræn framsetning áhersluatriði.	600.000
Machines & tools for Atomic Analog production	Atomic Analog Production	Styrkur veittur til kaupa á tækjum til að auka framleiðslugetu á sérhæfðum búnaði sem er í framleiðslu á Stöðvarfirði.	550.000
Endurbætur á verkstæðum	Sköpunar- miðstöðin	Styrkur veittur til kaupa á efni vegna eldveggja í iðnaðar-eldhúsi í Sköpunarmiðstöð.	550.000
Göngustígur með sjávar- síðunni	Íbúasamtök Stöðvarfjarðar	Lagning göngustígs meðfram sjávarsíðunni frá gamla fótboltavellinum að Birgisnesi.	400.000
Iðnaðar-eldhús (undirbúningur)	Þóra Björk Nikulásdóttir	Styrkur veittur til ráðgjafaþjónustu við gerð fjárhagsáætlunar og undirbúningsvinnu fyrir standsetningu á iðnaðareldhúsi.	400.000
Fiskibollu- framleiðsla	Ástrós ehf.	Styrkur veittur til endurnýjunar tækjabúnaðar til að auka framleiðslugetu. Tækin verða staðsett í áformuðu deilieldhúsi þar sem aðrir smáframleiðendur á svæðinu geta nýtt þau.	350.000
Slökunar- púðinn Friður & ró	Sólveig Friðriksdóttir	Styrkur veittur til tækjakaupa og markaðssetningar á slökunarpúðanum „Friður og ró“.	350.000
Gólfefni í líkamsræktar- sal	Ungmenna- félagið Súlan	Líkamsræktaraðstaða á Stöðvarfirði er rekin af Ungmennafélaginu Súlnni. Styrkur veittur til gólfefnaskipta, gúmmímottur í stað gamals parkets.	350.000
Stöð í Stöð - tónleikar	Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Framkvæmd tónleika sem haldnir verða á bæjarhátíðinni Stöð í Stöð. Aðgangseyrir ókeypis.	350.000

Viðskipta- áætlun v/ heilsueflandi námskeiða	Sólveig Friðriksdóttir	Styrkur veittur til að kanna rekstrargrundvöll fyrir námskeiðahaldi tengdu jóga, slökun, „retreat“ dvöl, jógagöngum og fleiru, auk þess að undirbúa verkefnið og afla samstarfsaðila.	200.000 (styrk skilað)
Orkusparnaður	Landatangi ehf.	Uppsetning þriggja varmadæla í þrjú rými fyrirtækisins.	200.000
			Samtals kr. 7.000.000

Þess má einnig geta að fyrirtæki og einstaklingar á Stöðvarfirði voru dugleg að sækja um í Uppbyggingarsjóð Austurlands og fengu fimm umsóknir frá Stöðvarfirði brautargengi, sem er metfjöldi. Sköpunarmiðstöðin fékk hæsta styrkinn sem veittur var úr Uppbyggingarsjóðnum þetta árið, eða 2,5 m.kr., en samtals fengu verkefnin fimm úthlutað 6,7 m.kr.

Fundir

Verkefnisstjórn fundaði nokkuð ört á árinu enda töluverður undirbúningur þegar byggðarlög eru að hefja göngu sína í Brothættum byggðum. Samtals fundaði verkefnisstjórn ellefu sinnum yfir árið á fjarfundarforritinu Teams. Fyrir íbúafundinn sem haldinn var í september, hittist verkefnisstjórnin á Stöðvarfirði. Vegna úrvinnslu á styrkumsóknum voru þrjár fundir haldnir með fjarfundasniði.

Fyrir utan íbúáþing sem haldið var í mars, var boðað til íbúafundar 15. september þar sem verkefnisáætlun var lögð fram til umræðu og samþykktar. Íbúum gafst þá tækifæri til að fara yfir hvert meginmarkmið og starfsmarkmið þeim tengdum og koma með athugasemdir eftir atvikum. Verkefnisáætlun var samþykkt á þeim fundi að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem bárust frá fundargestum.

Þann 16. nóvember var annar íbúafundur haldinn vegna starfsmarkmiða 1.1, 2.10 og 2.11. Góð mæting var á þann fund og ýmsar áhugasemdir komu fram. Verkefnisstjóri ásamt fulltrúum íbúa í verkefnisstjórn unnu úr þeim hugmyndum og vinna er hafin við þau starfsmarkmið.

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Íbúáþingið sem haldið var í mars gaf ákveðinn tón fyrir því hvernig fyrstu mánuðir verkefnisins Sterkur Stöðvarfjörður myndi vera. Íbúar voru áhugasamir, með margar góðar hugmyndir og viljugir til þess að taka þátt í þeim verkefnum sem sett voru fram.

Verkefnisstjóri nýtti sumarið til þess að kynna íbúum og bæjarandanum og var alls staðar vel tekið. Það er virkilega gott að finna velvildina hjá íbúum Stöðvarfjarðar og erum við fjölskyldan mjög þakklát fyrir það.

Íbúafundir hafa verið vel sóttir og þátttakendur áhugasamir og óhræddir við að koma með hugmyndir, athugasemdir og umræður hafa ávallt verið góðar og gagnlegar. Íbúar Stöðvarfjarðar hafa verið duglegir að koma niður á skrifstofu og ræða um verkefnið, gömlu tímana og framtíð staðarins. Allir eiga það sameiginlegt að vilja sjá Stöðvarfjörð blómstra og fólk bindur vonir við að þetta verkefni muni byggja þann grunn sem þarf til þess. Við erum öll sammála um að Stöðvarfjörður er leynd perla sem bíður þess að vera uppgötvuð.

DALAAUÐUR

DalaAuður hófst með íbúáþingi í mars 2022. Á íbúáþingi var stefna DalaAuðs mörkuð í umræðum íbúa um þau atriði sem þeim fannst skipta máli að koma á framfæri. Neikvæð íbúapróun og einhæft atvinnulíf var meðal þeirra ástæðna að Dalabyggð fékk inngöngu í verkefnið Brothættar byggðir, sem Byggðastofnun er í forsvari fyrir. Einnig skekk aldursdreifing í byggðarlaginu því töluvert hallar á fólk á barneignaraldri.

Á íbúáþingi voru þessi mál og önnur sem íbúar töldu forgangsatriði rædd. Á grundvelli umræðna var unnin stefna,



Umræðuhópur á íbúáþingi í Dalabyggð

svokölluð verkefnisáætlun, fyrir verkefnið. Verkefnisáætlunin var síðan lögð fram til umræðu og samþykktar á íbúafundi í ágúst 2022. DalaAuður er samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi, Dalabyggðar og íbúa Dalabyggðar. Með þátttöku í verkefninu DalaAuði blésu sveitarfélagið og íbúar Dalabyggðar til sóknar og er strax farið að gæta bjartsýni í byggðarlaginu.

Verkefnisáætlun DalaAuðs má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri DalaAuðs er Linda Guðmundsdóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri, formaður stjórnar

Páll S. Brynjarsson, fulltrúi SSV

Ólafur Sveinsson, fulltrúi SSV

Bjarnheiður Jóhannsdóttir, fulltrúi íbúa

Þorgrímur Einar Guðbjartsson, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun



Nýi og gamli tíminn í rafmagnslínum mætast á Fellsströnd í Dalabyggð

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka VII. má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2022.

Styrkt verkefni

Veittir voru samtals 21 styrkur til fjölbreyttra verkefna úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs og nam styrkfjárhæð til úthlutunar alls kr. 12.250.000. Heildarfjárhæð umsókna nam kr. 56.664.139. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Sjúkraþjálfara- aðstaða í Búðardal	Ungmenna- félagið Ólafur Pá	Verkefnið snýr að því að standsetja aðstöðu í húsnæði Ungmennafélagsins Ólafs Pá. Ungmennafélagið rekur aðstöðu, þar sem er nú þegar líkamsræktarstöð.	1.300.000
Rúllutætari til uppgræðslu	Búnaðarfélag Hvammsfjarðar	Búnaðarfélag Hvammsfjarðar er óskar eftir stuðningi við kaup á rúllutætara sem nýst getur til uppgræðslu en rúllutætari auðveldar mjög dreifingu á rúllum og gefur jafnari dreifingu.	1.000.000
Bokhasi umhverfis- vænn og heilbrigður landbúnaður.	Anna Berglind Halldórsdóttir og Ólafur Bragi Halldórsson	Verkefnið snýr að því að þróa svokallaða Bokashi aðferð til að gerja lífrænan úrgang í stórum stíl á bóndabýli við íslenskar aðstæður.	1.600.000
Útiræktun grænmetis í Ásgarði	Skugga-Sveinn ehf.	Verkefnið felst í því að þróa frekar útiræktun grænmetis í Ásgarði, með kaupum á búnaði sem notaður er við útplöntun grænmetis í akur.	500.000
Dalahvítlaukur	Svarthamar Vestur ehf.	Verkefnið snýr að því að rækta hvítlauk í Dölunum með svokallaðri No Till/No Drill aðferð. Um er að ræða aðferð þar sem jarðvegur er bættur með lífrænum efnum og yfirbreiðslugróðri plantað til að draga úr illgresis myndun.	1.000.000
Complete Vocal söngnámskeið	Guðmundur Sveinn Bæringsson	Verkefnið snýr að því að halda söngnámskeið þar sem kennd verður Complete vocal söngtækni.	150.000

Er líða fer að jólum - jólatónleikar	Alexandra Rut Jónsdóttir	Er líða fer að jólum eru jólatónleikar sem haldnir voru í desember 2022. Jólatónleikarnir voru haldnir af áhugafólki um tónlist frá svæðinu.	200.000
Gönguleið: Fellsströnd - Skarðsströnd	Guðmundur Halldórsson og Trausti Bjarnason	Ferðapjónusta er rekin á Voggi á Fellsströnd og að Á á Skarðsströnd. Verkefnið gengur út á að útbúa, hnitsetja, merkja/stika og kynna gönguleið á milli þessara tveggja staða, sem myndi þá liggja milli Fellsstrandar og Skarðsstrandar.	400.000
Námskeið í kjötvinnslu	Skúli Hreinn Guðbjörnsson	Í Miðskógi í Dalabyggð hefur nýlega verið standsett fullbúin kjötvinnsla. Verkefnið snýr að því að halda tvö stök námskeið í kjötvinnslu, annars vegar í úrbeiningu á lambaskrokki og hins vegar í bjúgna, fars- og pylsugerð.	200.000
Skarðsstöð, deiliskipulagsgerð fyrir ferðapjónustu	Harpa Helgadóttir	Verkefnið snýr að því að vinna að deiliskipulagi fyrir fyrirhugaða uppbyggingu ferðapjónustu á Skarðsstöð á Skarðsströnd.	250.000
Good morning Iceland	Alexandre Jean-Francois Vicente	Good morning Iceland er nýtt verkefni sem er tvíþætt. Annars vegar snýst það um að bjóða upp á ljósmyndapjónustu í Dalabyggð en einnig verður boðið upp á norðurljósaferðir og myndatökur fyrir ferðamenn.	350.000



Í Laxárdal

Dalablað á netinu	Sögufélag Dalamanna og Kruss ehf.	Á árunum milli 1983-1995 voru gefin út héraðsblöðin, Dalablaðið, Krókarefur og Aldan, í Dölum og síðan seinna meir blaðið Dalabyggð. Ekkert af þessu efni er aðgengilegt á stafrænu formi. Verkefnið felst í því að skanna inn þessi blöð og gera aðgengileg á vef Sagnaarfs Dalanna.	200.000
Jólasveinar á Íslandi eru úr Dölunum	Kruss ehf.	Hugmyndin er sú að koma jólasveinunum fyrir sem víðast í Dalasýslu, gera þá sýnilega og kynna þá fyrir erlendum jafnt sem innlendum gestum.	600.000
Fræhöll í Búðardal	Dalirnir heilla ehf.	Hér er sótt um styrk til þess að gera forathugun á hagkvæmi þess að reisa fræhöll í Búðardal, þar sem yrði fræframleiðsla á Hrymi.	400.000
Aðgengi skóga í Dalabyggð	Skógræktarfélag Dalasýslu	Skógræktarfélag Dalasýslu var endurvakið árið 2022 og sækir um styrk til að bæta aðgengi að skógum, Brekkuskógi og Laxaborg.	500.000
Uppsetning á leikverki	Leikklúbbur Laxdæla	Leikklúbbur Laxdæla varð 50 ára 2021. Í tilefni af því stefnir leikfélagið að því að setja upp metnaðarfulla sýningu á Jörvagleði 2023. Samhliða því yrði gefið út lítið kver með sögulegu ívafi og svipmyndum frá starfi leikklúbbsins í þessi 50 ár.	500.000
Fræðsla og sjálfshjálp vegna geðheilsu	Bjarnheiður Jóhannsdóttir	Verkefnið snýr að því að halda tvo til þrjá fyrirlestra sérfræðinga um kvíða og þunglyndi, einkenni og úrræði.	500.000

Fótadalsvirkjun	Guðlaugur S. Sigurgeirsson ehf.	Verkefnið snýst um að gera rennslismælingar vegna virkjunar í Fótadal inn af Laugardal í landi Tungu. Mælingarnar eru forsenda áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu.	400.000
Rafíþróttadeild Undra	Íþróttafélagið Undri	Verkefnið snýr að því að standsetja rafíþróttadeild innan Undra, með kaupum tilheyrandi tækjabúnaði.	200.000
Búnaðarkaup vegna íþróttastarfs barna	Íþróttafélagið Undri	Félagið sækir um styrk til búnaðarkaupa fyrir íþróttastarf sem nýst gæti m.a. á fimleikaæfingum og fyrir leikfimi barna á leikskólaaldri.	1.000.000
Dýragarðurinn Hólum	Rebecca Cathrine Kaad Ostenfeld	Nú er stefnt að uppbyggingu á betri aðstöðu í Dýragarðinum Hólum, bæði fyrir dýrin og gesti	1.000.000
			Samtals kr. 12.250.000

Fundir

Íbúáping var haldið í mars 2022 og íbúafundur í ágúst sama ár. Á báðum fundum fengu íbúar tækifæri til að koma málefnum sínum á framfæri og móta áherslur fyrir DalaAuð. Nafnið á verkefninu var valið á íbúápinginu og vísar í auðinn sem býr í samfélaginu, mannauðinn og menningarauðinn en þar má líka finna vísun í Auði djúpúðgu.

Verkefnisstjórn DalaAuðs fundaði níu sinnum yfir árið, þar af var einn staðfundur vegna undirbúnings íbúafundar haldinn í ágúst. Þá voru haldnir þrjú fundir að auki vegna vinnu við úthlutun úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs. Það er að mörgu að huga í fyrsta áfanga verkefnisins og mæðir þá mikið á verkefnisstjórn. Vel tókst til að stilla saman strengi og hópurinn mjög samhentur frá upphafi.

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Á þeim stutta tíma frá því verkefnið hófst hefur margt jákvætt gerst. Gífurlega góð ásókn var í Frumkvæðissjóð DalaAuðs og mörg verkefni sem fengu þar brautargengi. Frumkvæðissjóðurinn skapaði jákvæða stemningu meðal íbúa sem hefur vaxið jafnt og þétt og er óhætt að segja að íbúar hafi svarað kallinu og komið inn í verkefnið af fullum krafti. Sveitarfélagið hefur líka blásið til sóknar og stefnir að uppbyggingu á húsnæði og íþróttamannvirkjum á næstu árum sem mun verða bylting fyrir íbúa og gesti svæðisins.

Nýsköpunarsetur Dalabyggðar tók til starfa árið 2022. Þar er rými þar sem hægt er að leigja vinnuástöðu, ásamt því að þar er góð fræðslu- og fundaraðstaða. Verkefnisstjóri hefur aðsetur þar. Haustið 2022 var haldin þétt dagskrá fræðsluerinda og íbúum gefinn kostur á að mæta og ræða ýmis afmörkuð mál á svokölluðu kaffisþjalli þess á milli. Var þetta skipulagt í samstarfi Dalabyggðar og DalaAuðs. Viðburðirnir voru allt í bland skemmtilegir, fróðlegir og ganglegir og vel sóttir af íbúum.

Eins og sjá má á samantekt um framgang verkefna/starfsmarkmiða hér að neðan er góður gangur í þeim markmiðum sem eru á ábyrgð sveitarfélags og íbúa. Því miður gengur hægar að ná þeim markmiðum sem ríkið ber á byrgð á, s.s. í samgöngumálum sem eru eitt helsta baráttumál Dalabyggðar til að auka byggðafestu í samfélaginu. Má leiða að því líkum að áfram verði þrýst á ríki um betrubætur í þeim málaflokki.

Verkefnið DalaAuður fer vel af stað og er full ástæða til bjartsýni á framtíð Dalabyggðar. Uppbygging, samfélag í sókn og gróska stendur því upp úr þegar litið er yfir árið.

Íbúar sóttu vel bæði íbúabing og íbúafund en segja má að virkni þeirra í verkefninu hafi byrjað af fullum krafti þegar opnað var fyrir Frumkvæðissjóð DalaAuðs og með viðburðadagskrá Nýsköpunarsetursins í haust. Það hefur orðið stígandi í verkefninu og eru margir sammála um að þeir finni fyrir því að það sé mikil gróska og kraftur í Dalabyggð um þessar mundir. Óttast var að í svo litlu samfélagi hefðu allir svo mörgum hlutverkum og skyldum að gegna að flestir hefðu ekki tíma til að taka á sig aukin störf. Það hefur reynst mikill kraftur í íbúum og fjölmargir hrundið af stað verkefnum, hvort heldur í þágu samfélagsins eða sem hugmynd að eigin rekstri. Sumir hafa fengið hvatningu með aðstoð Frumkvæðissjóðs og aðrir farið af stað alveg á eigin vegum.

Samstarf sveitarfélagsins í verkefninu hefur verið til fyrirmyndar og sýnir það sig í stöðugum vilja til að vinna í því að innleiða markmið DalaAuðs, sem eru í grunninn áherslumál íbúa, inn í starf sveitarfélagsins. Þetta góða samstarf hefur reynst einn af hornsteinum verkefnisins. Verkefnisstjórn DalaAuðs hefur einnig unnið mjög óeigingjarnt starf og fulltrúar hennar lagt á sig mikla vinnu við að ýta verkefninu úr vör, styðja við það innan sinna eininga og vera verkefnisstjóra innan handar. Eiga fulltrúar Byggðastofnunar, Dalabyggðar, SSV og íbúa því miklar þakkir skildar.

Uppbygging húsnæðis mun hafa mikið að segja um þróunina í Dalabyggð og er það jákvætt að sjá nýbyggingar rísa í Búðardal. Vonandi mun þessi sýn blasa við okkur á hverju ári á næstu árum. Beðið er með eftirvæntingu eftir nýju íþróttamannvirki, sundlaug og íþróttahúsi. Engir innviðir eru í Búðardal til íþróttastarfs en grunnskóli Dalabyggðar, Auðarskóli, er staðsettur þar. Uppbygging íþróttamannvirkja mun því hafa í för með sér aukna þjónustu við íbúa,

ekki síst grunnskólabörnin. Uppbyggingin mun einnig gera Dalabyggð og þá sérstaklega þéttbýlið í Búðardal að eftirsóknarverðari búsetukosti og áfangastað.

Það er af mörgu jákvæðu að taka þegar litið er yfir þennan stutta tíma síðan DalaAuður hófst en svo virðist sem hluti framtíðarsýnar DalaAuðs sé að raungerast því hér er gott að búa og hér er gott að dvelja.

BYGGÐARLÖG SEM LOKIÐHAFA ÞÁTTTÖKU Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM


Sjö byggðarlög hafa formlega lokið þátttöku í verkefninu, þ.e.a.s. Byggðastofnun hefur dregið sig út úr verkefnum skv. samningum. Þau eru Raufarhöfn með verkefnið Raufarhöfn og framtíðin, Breiðdalur með verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina, Bíldudalur með verkefnið Bíldudalur- samtal um framtíðina, Skaftárhreppur með verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar, Hrísey með verkefnið Hrísey, perla Eyjafjarðar, Borgarfjörður eystri með verkefnið Betri Borgarfjörður og Öxarfjarðarhérað með verkefnið Öxarfjörður í sókn. Þess ber þó að geta að vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna COVID-19 síðustu tvö ár gafst ekki tækifæri til að halda loka íbúafund í Öxarfjarðarhéraði þar sem til stóð að leggja mat á verkefnið og ígrunda áætlanir um verkefnið til framtíðar. Ráðgert er að slíkur fundur verði haldinn haustið 2023.



Útskipun á seiðum við Röndina á Kópaskeri

5. ÍBÚAÞRÓUN

Í rökstuðningi Alþings með fjárveitinum til verkefnisins er vísað til þess að verkefnið nýtist byggðarlögum sem hafa átt í langvarandi vanda vegna fækkunar íbúa að etja. Enda er meginmarkmið verkefnisins að sporna við þeirri þróun. Því er eðlilegt að líta á þróun í mannfjölda þáttökubyggðarlaganna miðað við fyrsta janúar 1998-2023.



Staða byggðarlaganna er mjög misjöfn hvað varðar breytingar á íbúafjölda og við það bætist að þau hafa ýmist lokið verkefninu eða eru mis langt á veg komin. Í fljótu bragði séð virðast þau byggðarlög sem hafa verið þátttakendur í verkefninu um einhvern tíma eiga það sameiginlegt að tekið hefur að mestu fyrir hraða fækkun íbúa og jafnvægi náðst eða íbúum tekið að fjölga á ný m.v. upphafsár viðkomandi verkefnis. Fámennustu byggðarlögin, Árneshreppur, Grímsey og Bakkafjörður, hafa átt erfitt uppdráttar á undanförunum árum en á síðustu tveimur árum virðist íbúum

hætt að fækka. Fámennustu byggðarlögin eiga það sameiginlegt að loka hefur þurft skóla vegna barnfæðar.

Strandabyggð hefur glímt við nær viðvarandi fækkun íbúa á þessari öld ef frá er talið tímabilið 2010-2014. Á undanförunum árum urðu erfiðleikar í sjávarútvegi og jafnframt er aðalatvinnuvegurinn, sauðfjárrækt, í mikilli vörn. Við bætast að miklir erfiðleikar voru í rekstri kaupfélagsins sem lyktaði með þroti félagsins á árinu 2020, skömmu áður en verkefnið Sterkar Strandir hófst. Óskandi er að verkefnið Sterkar Strandir nýtist íbúum byggðarlagsins sem best til að snúa vörn í sókn á síðasta ári verkefnisins, árinu 2023.

Dalabyggð og Stöðvarfjörður hafa hafið þátttöku í verkefninu á árinu 2022 og allt of snemma að draga ályktanir út frá breytingum á íbúafjölda en fullyrða má að í báðum tilvikum hafi íbúar tekið höndum saman og byrjað verkefnið af krafti.



Finnur Ólafsson segir frá áætlunum um Galdur brugghús á íbúafundi á Hólmanvík

6. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM HAFA HLOTIÐ STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM

Verkefni sem styrkt hafa verið frá upphafi verkefnisins eru fjölmörg og fjölbreytt og snerta margar hliðar atvinnulífs, menningar og félagslífs í þátttökubyggðarlögunum. Hér getur að líta umfjöllun og örfá dæmi af mörgum um vel heppnuð frumkvæðisverkefni sem styrkt hafa verið úr sjóði Brothættra byggða á undanförunum árum. Fjöldi annarra verkefna hefði sómt sér vel á þessum lista.

GÓLFKLUBBURINN GLÁMA Á ÞINGEYRI - ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR

Golfklúbburinn Gláma var stofnaður árið 1991 og heldur úti öflugu félagsstarfi. Sjálfboðaliðar hafa unnið ötullega að því að bæta aðstöðu vallarins og aðstöðuhúss. Meðaldalsvöllur í Dýrafirði er afar áhugaverður kostur fyrir kylfinga sem eru á ferðinni á Vestfjörðum. Að sögn kunnugra er þar ein glæsilegasta þar þrjú hola landsins, sú sjöunda, og óhætt er að segja að sú braut sé ógleymanleg fyrir þá sem hana leika. Völlurinn er í fjölbreyttu landslagi og er níu holur. Það er óhætt að mæla með að sækja völlinn heim fyrir áhugasama kylfinga. Frumkvæðissjóður Allra vatna til Dýrafjarðar hefur styrkt verkefnið.

Upplýsingar um starfsemi golfklúbbsins má sjá [hér](#) og umfjöllun um Meðaldalsvöll má sjá [hér](#).

SKÍÐAFÉLAG STRANDAMANNA - STERKAR STRANDIR

Frumkvæðissjóður Sterkra Stranda hefur styrkt uppbyggingu skíðasvæðisins í Selárdal og starfsemi Skíðafélags Strandamanna undanfarin misseri. Félagið hefur lyft grettistaki í vetraríþróttasporti og hefur bæði laðað að fjölda ferðamanna m.a. til þátttöku í skíðagöngukeppnum sem og stuðlað að hollri útivist fyrir íbúa á öllum aldri í Strandabyggð og nærsveitum. Áform eru um að gera svæðið að útivistarparadís á Ströndum með því að halda áfram faglegri uppbyggingu á skíðasvæðinu, bæta æfingaaðstöðu og fjölga stórum viðurkenndum íþróttaviðburðum, s.s. FIS bikarkeppni, skíðaskotfimi og utanvegahlaupum.

Nálgast má nánari upplýsingar um félagsstarf og viðburði hjá Skíðafélagi Strandamanna [hér](#).

SÝNDARFERÐALAG UM GAMLA BORGARFJARÐARHREPP - BETRI BORGARFJÖRÐUR

Hafþór Snjólfur Helgason sem er uppalinn Borgfirðingur hlaut styrk úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar til að útbúa

ítarlegt sýndarferðalag um Borgarfjörð, Víkur og Loðmundarfjörð. Markmiðið með verkefninu var að opna svæðið fyrir augum almennings og efla áhuga og forvitni á þessu einstaka svæði. Sýndarferðalagið er gagnvirkt 360° ferðalag sem samsett er úr loftmyndum af svæðinu þar sem hægt er að ferðast um svæðið í lofti, þysja inn og út og átta sig á staðháttum á svæðinu frá ólíkum sjónarhornum.

Skoða má þetta skemmtilega verkefni [hér](#).

MUNINN EHF. Í GRÍMSEY - GLÆÐUM GRÍMSEY

Fyrirtækið Muninn í Grímsey er ferðapjónustufyrirtæki sem hefur verið að auka og bæta framboð afþreyingar fyrir ferðamenn í Grímsey. Fyrirtækið hefur á undanförnum misserum unnið að vöruþróun og markaðssetningu á veitingavagni sem staðsettur er við höfnina í Grímsey og rekið sæpotuleigu, hjólaleigu ásamt fleiru. Þannig hafa eigendur stuðlað að áframhaldandi þróun á uppbyggingu þjónustu við ferðamenn í Grímsey og stuðlað að auknu aðdráttarafli eyjarinnar fyrir ferðamenn. Frumkvæðissjóður Glæðum Grímsey hefur veitt fyrirtækinu styrki í þessari vegferð.

Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá [hér](#).

ÁBYRG EYJAFERÐAÞJÓNUSTA - GLÆÐUM GRÍMSEY

Háskólinn á Hólum hlaut styrk úr Frumkvæðissjóði Glæðum Grímsey til framkvæmdar rannsóknar á hver ímynd Grímseyjar er í hugum íbúa og annarra sem hafa áhuga og tengjast eyjunni með einhverjum hætti. Skoðað var hvernig ábyrg eyjaferðapjónusta (e. Island Tourism) hæfir þeirri ímynd og hvernig hún geti þjónað hagsmunum og framtíðarsýn íbúa og þar með styrkt jákvæða þróun byggðar og samfélags í Grímsey. Niðurstaða verkefnisins skapar góðan grunn til gerðar sértækrar áfangastaðaáætlunar fyrir Grímsey. Verkefnið hefur hlotið brautargengi og fengið styrki úr öðrum sjóðum til áframhaldandi rannsókna og gagnaöflunar á svæðinu sem nýst getur til áframhaldandi þróunar á ábyrgri ferðapjónustu.

Umfjöllun um verkefnið má m.a. finna [hér](#), umfjöllun um framhaldsrannsóknina má finna [hér](#).

GRÍMSEY DESIGN – GLÆÐUM GRÍMSEY

Mayflor Perez Cajes er listakona sem hefur einbeitt sér að því að búa til listmuni m.a. úr svartfuglseggjum. Frumkvæðissjóður Glæðum Grímsey hefur styrkt listakonuna til vöruþróunar undir vörumerkinu Grímsey design. Í þróunarvinnunni hefur verið leitað leiða til að styrkja svartfuglsegginn sem notuð eru m.a. í lampa, hanna umbúðir ásamt því að hanna nýjar vörur úr þeirri eggjaskurn sem brotnar og til fellur við framleiðsluna. Auk þess hefur listakonan fengið styrk til endurnýjunar tækjabúnaðar og fleira við framleiðslu sína.

Fésbókarsíðu tengda verkefninu má sjá [hér](#) og myndband um skemmtilegt framleiðsluferli vörunnar má sjá [hér](#).

ER LÍÐA FER AÐ JÓLUM, JÓLATÓNLEIKAR – DALAAUÐUR

Frumkvæðissjóður DalaAuðs styrkti í fyrsta sinn frumkvæðisverkefni á árinu 2022. Sérlega vel heppnað menningarverkefni hlaut styrk en það var vaskur hópur tónlistarfólks sem blés til sóknar og hélt glæsilega jólatónleika í Dalabyggð sem voru einkar vel sóttir og góður rómur gerður að. Samvinnuverkefni sem þetta eflir félagslíf og samheldni íbúa og styrkir blómlega byggð. Áform eru um að slíkt tónleikahald verði endurvakið fyrir næstu jólahátíð en hópurinn sem stendur að baki tónleikunum hlaut einnig hvatningarstyrk úr Menningarmálaverkefnasjóði Dalabyggðar.

Sjá má umfjöllun um tónleikana [hér](#).

KAFFIBRENNSLAN KVÖRN – STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR

Nýsköpunarfyrirtækið Kaffi Kvörn var flutt til Stöðvarfjarðar á árinu 2022. Það er Lukasz Stencel sem er forsvarsmaður fyrirtækisins sem staðsett er í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði. Frumkvæðissjóður Sterks Stöðvarfjarðar hefur styrkt verkefnið til vaxtar og þróunar og nú er svo komið að finna má kaffiilminn langt út fyrir Stöðvarfjörð. Fyrirtækið er í spennandi vexti og þróun og vert að fylgjast vel með því um leið og bragðað er á rjúkandi og ilmandi kaffi úr kaffibrennslunni.

Frekari upplýsingar um þetta ilmandi frumkvöðlafyrirtæki má finna [hér](#).

GOÐABORG FISKVINNSLA, TÆKJAKAUP OG ÞJÁLFUN STARFSFÓLKS – BREIÐDÆLINGAR MÓTA FRAMTÍÐINA

Fyrirtækið Goðaborg fékk styrk til tækjakaupa til framleiðslu og þjónustu auk styrks vegna þátttöku lykilstarfsmanna á HACCP námskeiði. Námskeiðið snýr að gæðamálum en Matvælastofnun gerir kröfu um að matvælaframleiðendur fari á slík námskeið. Tækjabúnaður sem keyptur var fyrir tilstilli styrkfés var gaffalvog, en hún mælir m.a. nýtni fisksins fyrir og eftir slægingu og flökun.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið og rekstur þess má sjá [hér](#).

NORTH-EAST GUESTHOUSE - BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Grettistaki Það er dýrmætt þegar ungt fólk flytur og haslar sér völl í brothættum byggðarlögum. Það á við um þau Þóri og Sædísí sem hafa á undanförunum misserum sýnt mikið frumkvæði í byggðarlaginu. Frumkvæðissjóður Betri Bakkafjarðar hefur veitt styrki til verkefna sem þau hafa verið með á sinni könnu sem snúa aðallega að þjónustu við íbúa og ferðamenn, bæði tengdum ýmiss konar afþreyingu, veitinga- og gistirekstri, markaðsátaki, tónlistarhátíðinni Bakkafest sem haldin hefur verið undanfarin tvö ár og fleiri verkefnum.

Viðtal N4 við Þóri má sjá [hér](#). Umfjöllun um Bakkafest 2022 má sjá [hér](#). Myndband um Bakkafjörð, markaðsátak, má sjá [hér](#).

TRAKTORSFERÐIR Í HRÍSEY – HRÍSEY, PERLA EYJAFJARÐAR

Eitt af því sem einkennir Hrísey eru traktorsferðir um eyjuna þar sem ferðalangar geta fengið að skoða sig um með óvenjulegum ferðamáta. Frumkvæðissjóður Hríseyjar, perlu Eyjafjarðar styrkti Ferðamálafélag Hríseyjar á árinu 2018 til að gera upp traktor og traktorsvagn sem notaður hafði verið til að bjóða upp á kynnisferðir um eyjuna í gegnum árin. Traktorsferðirnar eru orðnar hluti af ímynd Hríseyjar og margir ferðamenn kjósa að nýta þennan skemmtilega ferðamáta til að kynnast eyjunni nánar.

Frétt Morgunblaðsins um traktorsferðir í Hrísey má sjá [hér](#).

SKILTAVÆÐING - RAUFARHÖFN OG FRAMTÍÐIN

Á verkefnistíma verkefnisins Raufarhöfn og framtíðin var styrkfé veitt úr Frumkvæðissjóði verkefnisins til að hanna og uppfæra skilti í bænum með upplýsingum um sögu byggðarlagsins, örnefni og þ.h. Vinna hefur staðið yfir undanfarin ár við að koma skiltamálum í gott horf, m.a. eru nú móttökuskilti við leiðir inn í bæinn. Verkefninu var skipt upp í þrjá áfanga þ.e. vitaskilti, hringskilti og í þriðja áfanga var kort af Raufarhöfn handteiknað og gefið út. Skiltin voru vígð á menningar- og hrútaðögum á Raufarhöfn í október 2022, sjá [hér](#).



Aaðsend mynd frá Raufarhöfn, NSH

SMÁVIRKJUN Í HÚSÁ Í ÓFEIGSFIRÐI - ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Háireki ehf. hefur í tvígang hlotið styrki úr Frumkvæðissjóði Áfram Árneshrepps, árin 2021 og 2022 fyrir verkefni sem snýr að því að koma upp smávirkjun í Húsá í Ófeigsfirði. Verkefnið er talið mjög umhverfisvænt þar sem ekki verður lengur þörf á að keyra díselrafstöðvar til orkuframleiðslu þegar verkefnið verður fullklárað. Framhaldsstyrkur var veittur á árinu 2022 til verkefnisins til efniskaupa og uppsteypu á stöðvarhúsi smávirkjunarinnar. Rafmagnið verður nýtt m.a. til atvinnusköpunar s.s. til hreinsunar á æðardúni auk þess sem aðgengi að rafmagni á tjaldsvæði og í þremur íbúðarhúsum á svæðinu mun stórbatna. Sjá mynd af Húsá í Ófeigsfirði til hægri.




Aaðsend mynd af Húsá, SG

7. ATHUGUN Á VIÐHORFUM TIL VERKEFNISINS BROTHÆTTAR BYGGÐIR

Gerð var könnun meðal verkefnisstjórna og verkefnisstjóra um áramót 2022/2023. Frumniðurstöður samanburðar á niðurstöðum í lok árs miðað við kannanir 2016-2017 sýna lítið eitt hærra skor að meðaltali í spurningum um árangur Brothættra byggða út frá skilgreindum markmiðum verkefnisins skv. verkefnislýsingu. Þess ber þó að gæta að ekki er um sömu byggðarlög/verkefnisstjórnir að ræða og að fjöldi svarenda er mjög takmarkaður. Á hinn bóginn kemur fram skýr munur á afstöðu verkefnisstjórna eftir byggðarlögum í könnuninni nú. Verkefnisstjórn í Strandabyggð er með áberandi lægst skor en tiltrú á árangur er hvað mest í verkefnisstjórn í nágrannabyggðarlaginu Árneshreppi.

Á árinu 2021 var lögð fyrir íbúakönnun á Borgarfirði til að meta stöðu og árangur verkefnisins, auk þess að afla gagna um samfélagið almennt. Sambærileg könnun hafði verið gerð af heimafólki áður en verkefnið Betri Borgarfjörður hóf göngu sína og því mjög áhugavert að sjá breytingar til samfélagsins á verkefnistíma Betri Borgarfjarðar. Þetta verklag á Borgarfirði er því til mikillar fyrirmyndar. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á íbúafundi ársins en þær má sjá [hér](#).

FRAMTÍÐARSÝN BORGARFJARÐAR Á SKALANUM 0 TIL 100



8. VIÐAUKAR

VIÐAUKI I. GLÆÐUM GRÍMSEY, STAÐA STARFSMARKMIÐA

Meginmarkmið 1: Traustur grunnatvinnuvegur						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.1: AÐ TRYGGJA AFLAMARK TIL NÆSTU ÁRA						Sértæki byggðakvótinn er tryggður út fisveiðiárið 2024.
1.2: AÐ STYRKJA NÝLIÐUN Í SJÁVARÚTVEGI						Á verkefnistímanum var sjónarmiðum nýliða komið á framfæri í stjórnarsýslunni s.s. við ráðuneyti og Byggðastofnun. Við Byggðastofnum var m.a. var lagt til að breyta úthlutunarreglum til að koma nýliðum að og girða fyrir að kerfið sé misnotað af útgerðum sem ekki eiga raunverulega heimilisfesti í viðkomandi byggðalagi skv. lögum um lögheimili, 2018 nr. 80, 25. júní. Hópur nýliða í Grímsey ræddi (2022) einnig nýliðunarvandann við starfandi útgerðir og leituðu eftir samstöðu. Auðlindin okkar skilaði í árslok 2022 bráðabirgðatillögum að breytingum á fiskveiðisstjórnunarkerfinu. Grímseyingar hafa verið hvattir til að fylgjast vel með og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við starfshópa Auðlindarinnar, líkt og þeir bjóða upp á.
1.3: EFLA FRUMKVÖÐLA- OG NÝSKÖPUNARSTARFSEMI						Frá upphafi GLG til 2020 var nýsköpunar- og frumkvöðlastarf aðalega styrkt úr Frumkvæðissjóði GLG, sjá lista yfir styrkt verkefni. Á árunum 2021-22 hlutu fjölmörg verkefni stuðning úr öðum sjóðum. Í upphafi árs 2023 bættist við styrkur til að kanna kosti hitaveitu í Grímsey. Verði niðurstaða þess verkefnis jákvæð gefur það tilefni til margskonar

						frumkvöðla- og nýsköpunarverkefna.
1.4: FERÐAMENN Í RÓÐRA						Lokið en árangurs. Þessi möguleiki var kannaður en vegna kostnaðar við tryggingar var þessi leið ekki farin.
Meginmarkmið 2: Samheldið og þróttmikið samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
2.1 AFSLÁTTUR Í FERJU OG FLUG						Kominn er afsláttur af flugfargjöldum fyrir íbúa í Grímsey. Haustið 2021 var óvissa með útboð á flugi Ak-Gri-Ak og flugleið. Sjónarmiðum var komið á framfæri á fundi með forsætisráðherra. Niðurstaðan varð að flug til Grímseyjar var tryggt áfram. Ekki reynist unnt að fá afslátt á flutningi í ferjuna Sæfara.
2.2 (UPPFÆRT 2020 OG 2021): FJÖLGA FERÐUM SÆFARA OG TRYGGJA FJÖLDA Í ÚTBOÐI						Ferðum ferjunnar fjölgaði eftir að nýr samningur vegna ferjusiglinga tók gildi 2018. Komið hefur verið á samtali við vegagerðina og ósk um að Grímseyingar eigi beina aðkomu að þeim samningi (mars 2022)
2.3: BÆTT GSM-SAMBAND OG AIS TILKYNNINGARKERFI						Símsamband batnaði með nýjum búnaði sem settur var upp 2016 og 2017. AIS kerfið (staðsetningarkerfið) er óbreytt og er enn í ólagi Skipin detta út. AIS kerfið er undir hatti vaktstöðvar siglinga hjá Neyðarlínunni. https://www.112.is/vaktstod-siglinga , tengiliður, magnus@112.is (Fylgja eftir)
2.4: KOMA Á SAMSTARFI UM ORKUSKIPTI						Samstarf hafið og orkuskipti hafin. Vistorka og Orkustofnun komu upp vindmyllum, sólarcellum, bættu einangrun í húsum. Þá var víða komið upp varmadælum og viðarperluofnum. 2022 var settur starfshópur sem í sat verkefnisstjóri GLG og

					heimamenn sem könnuðu fýslileika þess að bora eftir heitu vatni. Stuðningur til verkefnisins fékkst í upphafi árs 2023.
2.5: FRÁVEITUMÁL					Lokið. Norðurorka setti upp rotþrær 2021.
2.6 (ENDURBÆTT 2021): GATNA- OG VEGAGERÐ					Rotþrær hafa verið settar niður og Norðurorka fyllti upp í holur á götunni. Nýr listi yfir viðhaldsþörf í eyjunni var útbúinn á íbúafundi haustið 2022 og komið til Hverfisráðs sem forgangsraðar verkefnum sem á honum eru og kemur til Akureyrarbæjar.
2.7 (NÝTT 2019): ÍBÚÐARHÚSNÆÐI. Farið verði í greiningu á húsnæðiskosti Grímseyjar og það skoðað hvort raunhæft sé að bærinn kaupi laust húsnæði. Laust húsnæði væri hægt að nýta til að koma á fót vinnustofum eða aðsetri fyrir listamenn.					Settur var saman listi yfir allt húsnæði og eigendur. Orkustofnun hefur gert góða greiningu á ástandi allra húsa í eyjunni og geymir þau gögn. Kannað var með lagalegar forsendur fyrir eignarnámi á húsunum í Sigtúni og Grenivík, en eigendur hafa nánast aldrei komið til Grímseyjar og hafa aldrei sinnt viðhaldi. Ekki möguleiki. Húsin eru í niðurníðslu, járnplötur ofl í fokhættu og lýti á eyjunni. Akureyrarbær hefur ekki áhuga á að kaupa frekara húsnæði.
2.8: VIÐTALTÍMAR BÆJARFULLTRÚA – Á EKKI LENGUR VIÐ					Verkefni í raun lokið. Sveitarfélagið telur viðtalstíma í raun aðgengilega fyrir alla í gegnum síma eða á samskiptaforritum s.s teams, þ.e. að allir hafi jafnan aðgang að bæjarfulltrúunum.
2.9: HREINSUNARÁTAK					Á verkefnistímanum var ásýnd bætt svo um munar. Iðnaðarsvæðið var hreinsað, umhverfi gámasvæðis við höfnina bætt og Grímseyingar duglegir að halda við húsum sínum.
2.10: GÁMASVÆÐI OG FLOKKUN					Búið er að bæta töluvert umhverfi gámasvæðis og

					endurvinnslan er sýnilegri fyrir gesti og gangandi.
2.11: HÁVAÐAMÆLING OG HLIÓÐVARNIR					Lokið. Þetta var bætt með endurnýjun rafstöðvar 2019. Áfram þarf þó að mæla hljóðvist reglulega.
2.12: ÚTTEKT Á MÚLA VEGNA VIÐHALDS					Listi yfir nauðsynlegt viðhald hefur verið komið til sveitarfélagsins. Brýn viðhaldspörf.
2.13: GRÍMSEYJARSKÓLI OG SAMSTARF – Á EKKI LENGUR VIÐ					Vegna barnfæðar er ekki grundvöllur fyrir skólastarfi eins og er.
2.14: GRÍMSEYJARSKÓLI – KENNSLUKFYRIRKOMULAG – Á EKKI LENGUR VIÐ					Vegna barnfæðar er ekki grundvöllur fyrir skólastarfi eins og er.
2.15: ENDURNÝJA ÚTISVÆÐI VIÐ SKÓLA					Ærslabelgur var settur upp 2017.
2.16: FJÖLGA TÓMSTUNDUM FYRIR BÖRN					Á sumrin vantar ekki tómstundir fyrir börn, en ef skóli væri starfræktur í Grímsey þyrfti að huga að þessum þætti.
2.17: FJÖLGA FRÆÐSLU- OG TÓMSTUNDANÁMSKEIÐUM FYRIR ÍBÚA					Fyrrum verkefnisstjóri setti sig í samband við ýmsa aðila sem telja að Grímsey ein og sér sé of lítil markaður til námskeiðshalds. Bent hefur verið á sífellt meira úrval af fjarnámskeiðum af ýmsum toga. Kvenfélagið og Kiwanisklúbburinn hafa keypt námskeið fyrir félagsmenn og aðra íbúa af og til. GLG stóð fyrir námskeiði á sviði nýsköpunar. Frumkvæðissjóðurinn styrkti námskeiðahald 2022 – opið öllum.
2.18: BETRI OG JAFNARI LÆKNISÞJÓNUSTA					Engin breyting er fyrirhuguð á heimsóknum læknis til Grímseyjar. Læknir kemur til eyjarinnar á u.þ.b. þriggja vikna fresti.
2.19: HEILSUGÆSLA Í FJARÞJÓNUSTU					Þetta er að breytast með tíð og tíma og eftir því sem tækninni

					fleygir áfram. Nú þegar er hægt að nálgast ýmsa þjónustu í gegnum vefinn, ss. Heilsuvera, þjónustu sálfræðinga og annað. Breytingar eiga eftir að verða hraðari á næstu árum og urðu margar í heimsfaraldri.
2.20 (NÝTT 2019 OG 2021): SKATTAFLÁTTUR					Þessum sjónarmiðum hefur verið komið á framfæri við stjórnvöld. Á Íslandi ríkir eitt skattakerfi. Að mati verkefnisstjórnar er þetta nær ógerlegt að óbreyttu.
STARFSMARKMIÐ 2.21 (NÝTT 2019): SKÓLAHEIMSÓKNIR OG SKÓLABÚÐIR					Hugmyndinni hefur verið komið á framfæri til bæjaryfirvalda. Verkefnið Menntabúðir við Heimskautsbaug fékk stuðning úr Frumkvæðissjóði 2022 og var framkvæmd það ár (ferð fyrir fullorðna). Haldið verður áfram að þróa verkefnið að sögn framkvæmdaraðila.
2.22 (NÝTT 2019): JARÐEFNAELDSNEYTISLAUS GRÍMSEY ÁRIÐ 2030					Orkuskipti í Grímsey eru hafin (vindmyllur, sólarcellur, perluofnar, varmadælu). Hitaveituverkefni fór af stað 2022 og fékk styrk í upphafi árs 2023.
2.23 (NÝTT 2019): LED-VÆÐING.					Búið er að skipta yfir í LED perur í öllum götuljósum sem gefur betri lýsingu. Tengist orkuskiptaverkefninu.
2.24 (NÝTT 2019): STÖRF ÁN STAÐSETNINGAR					Í Grímsey var um tíma eitt starf án staðsetningar (þjóðskrá). Kvenfélagið Baugur útbjó fyrirtaks starfsaðstöðu í leikskólastofunni í Múla. Verkefnið hlaut stuðning úr Frumkvæðissjóði GLG. Fjöldmargir hafa nýtt sér aðstöðuna en hún opnaði vorið 2022.
2.25 (NÝTT 2021): TRYGGJA TÍÐARI FLUGSAMGÖNGUR					Í vinnslu
2.26 (NÝTT 2021): KÖNNUN Á VÍÐTÆKARI ATVINNUTÆKIFÆRUM					Í stað þess að bíða eftir störfum frá opinberum aðilum tók grasróttin vel við sér og skapaði störf, einkum á sviði

						ferðapjónustu, minjagripaframleiðslu og nýverið í kringum matvælaframleiðslu þ.e. Skarfakál ArcticCircle. Fjölmargar hugmyndir eru einnig á teikniborðinu. Á seinni stigum verkefnisins var lögð áhersla á að virkja frumkvöðlastarf.
Meginmarkmið 3: Einstakur staður						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
3.1: INNVIÐIR FERÐAPJÓNUSTU – ÚTTEKT						Úttekt hafin í samráði við Akureyrarstofu. GLG var samstarfsaðili í verkefnum á sviði ábyrgðar eyjaferðapjónustu og könnunar meðal skipafaraþega. Þessi verkefni fengu styrki og voru unnin í samstarfi við Háskólans á Hólum og Rannsóknamiðstöð ferðamála. Frumniðurstöður könnunar voru kynntar í Grímsey haustið 2022. Könnunin fól m.a. í sér hvaða innviði þarf að bæta. Styrkur fyrir salerni við Miðgarða fékkst úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða. Sótt var um stuðning, til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, til að lagfæra og auka öryggi á gönguleiðum til í árslok 2022. Beðið er eftir svari.
3.2 (ENDURTEKIÐ 2021): SÉRTAÐA TIL MARKAÐSSETNINGAR						Vinna hafin við að skilgreina betur sérstöðu Grímseyjar, sbr. rannsókn sem sagt er frá undir starfsmarkmiði 3.1.
3.3: MERKI (LOGO)						Skiptar skoðanir um þetta. Kannski eru útlínur eyjarinnar bara logo í sjálfu sér enda mikið notaðar af öllum framleiðendum í Grímsey. Nýtt logo var hannað á fyrstu stigum verkefnisins sem sáralítið hefur verið notað.
3.4: AÐ SKILGREINA NOTKUN Á MERKI (LOGO) GRÍMSEYJAR						Hefur verið rætt en afastaða ekki tekin. Útlínur eyjarinnar virðast vera að ná fótfestu sem „merki eyjarinnar“.
3.5: ÞRÓA MINJAGRIPI						Á verkefnistímanum hafa fjölmargir og afar vandaðir

					minjagripir verið hannaðir og framleiddir. Þeir eru til sölu í Gallery Sól. Verkefnið hafa fengið styrk úr Framkvæðissjóði og Uppbyggingarsjóði.
3.6: EFLA FERÐAÞJÓNUSTU, AMK EITT NÝTT FYRIRTÆKI					Nefna má bæði ArcticTrip og starfsemi Hugins ehf sem nýja ferðaþjónustuaðila í Grímsey. Bæði fyrirtæki hafa fengið styrk frá Framkvæðissjóði GLG.
3.7 (ENDURTEKIÐ 2021): FUGLASKOÐUNARSTAÐUR					Sótt var um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða en verkefnið hlaut ekki styrk. Einstaklingur fékk styrk fyrir þessu verkefni úr Framkvæðissjóði GLG. Verkefnið hófst aldrei og styrk var skilað 2021. Skiptar skoðanir eru meðal Grímseyinga um uppbyggingu fuglaskoðunarhúss. Sumir segja að Grímsey sé stærsta fuglaskoðunarhús í heimi.
3.8: AÐ SETJA UPP SÝNINGU UM FISKE					Sýningin var sett upp á flugvöllinum og opnaði formlega 11. nóvember 2021.
3.9: FORNAR MINJAR					Á árinu 2022 fóru af stað þrjú minjaverkefni í samstarfi við GLG. A) Fornleifaskráning b) Húsaskráning c) Fornleifauppgröftur og óvæntur fornleifafundur í kirkjugarði. Sótt var um opinbera styrki fyrir þessum verkefnum og hann fékkst. GLG sótti um stuðning til Húsafriðunarnefndar 2022 fyrir að hlaða upp Gvendarbrunn. Styrkur fékkst ekki. Æskilegt er að sækja um aftur enda er hér um nýjan og áhugaverðan áningarstaða að ræða.
3.10: DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐIS					Til skoðunar
3.11 (ENDURTEKIÐ 2021): MERKINGAR OG AÐSTAÐA Á FERJUBRYGGJU					Akureyrarstofa hefur látið útbúa skilti sem bíða uppsetningar

3.12 (NÝTT 2019): AUKIÐ FRAMBOÐ AFPREYINGAR						Ferðapjónustufyrirtæki hafa fyrirætlan um aukið framboð. Það tafðist í Covid faraldrinum. Sumarið 2022 bættist t.d. við lest til að flytja ferðamenn.
3.13: MIÐASALA Í FERJU Á DALVÍK AÐGENGILEGRI						Lokið. Miðasalan fer fram á netinu. Auðvelt er að panta beint í farsímanum fyrir farþega.
3.14: SLÓÐI Á FÓT (NÝTT 2021)						Ekki er samstaða meðal Grímseyinga um hvort lagfæra eigi slóðann út á Fót eða hvernig. Sótt um stuðning til Framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða 2022. Úthlutun var ekki kunn í byrjun árs 2023.
3.15 HÆTTA AÐ FÆRA KÚLUNA (NÝTT 2021)						Til skoðunar
3.16 NÝ FERJA (NÝTT 2021)						Til skoðunar

VIÐAUKI II. ÁFRAM ÁRNESHREPPUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

Meginmarkmið 1 - Traustur landbúnaður og sjávarútvegur						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Nýliðun í landbúnaði						Tveir bændur hafa hafið sauðfjárbúskap í stað tveggja sem hættu búskap.
Styrking sauðfjárræktar						Í greinargerð til landbúnaðarráðherra er lögð áhersla á nýliðun.
Veiðiheimildir út frá sérstöðu sveitarfélagsins						Byggðakvóti fyrir árið 2023 jókst um 100%.
Auka framlegð strandveiða til samfélagsins						Vandséð er hvernig hægt er að auka framlegð þeirra strandveiðisjómanna sem róa frá Norðurfjarðarhöfn.
Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eftt						Nokkur nýsköpunarverkefni eru í gangi, m.a. húsasmíði, jóga, fjölbreytt afþreying og íþróttaaðstaða. Kjötvinnsla er í startholunum.
Meginmarkmið 2 - Einstakt menningarlandslag og náttúra						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Bæta innviði fyrir ferðaþjónustuna						Stofnuð hafa verið Ferðamálasamtök Árneshrepps. Þau fóru í markaðssetningarátak sem heppnaðist vel.
Merking handverks og iðnaðar						Kjötvinnsluverkefni sem er í startholunum hyggst láta hanna logo.
Þróun minjagripa						Verkefnið hlaut ekki hljómgrunn og hefur lítið verið fylgt eftir.
Efling ferðaþjónustu						Stofnuð voru Ferðamálasamtök Árneshrepps sem hafa staðið fyrir markaðssetningarátaki og fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa hlotið styrki til nýsköpunar og fjölgunar afþreyingarmöguleika.
Endurgera fuglaskoðunar- og útsýnisstað						Þetta verkefni hefur ekki náð flugi.
Gera fornar minjar sýnilegri						Efnt var til samstarfs við Minjastofnun um verkefni í Kúvíkum. Skýrsla um það verkefni hefur verið birt á vef sveitarfélagsins.
Merkingar og aðstaða við höfnina í Norðurfirði						Styrkur fékkst frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2021. Hönnunarvinna fór fram 2021—2022. Stefnt er á framkvæmdir sumarið 2023.

Hitaveita í Norðurfirði						Borholan hefur verið dæluþrófuð og hönnun á hitaveitu liggur fyrir. Næst er að semja við landeigendur, stofna félag og fjármagna framkvæmdina.
Umhverfi gámasvæðis verði bætt						Ný lög um endurvinnslu og förgun sorps taka gildi árið 2023. Vonir standa til þess að í tengslum við það verði gámasvæðið bætt.
Meginmarkmið 3 - Öflugir innviðir						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Hærri fastur afsláttur af fargjöldum						Skoska leiðin er komin á, en í greinargerð til innviðaráðherra er lagt til að enn lengra verði gengið.
Bæta samskipti við Vegagerðina						Kynningarfundur var haldinn haustið '21. Samskipti hafa batnað og upplýsingaflæði aukist.
Vegagerð yfir Veiðileysuháls						Vonir standa til þess að framkvæmdir verði boðnar út haustið 2024.
Bæta vetrarþjónustu á vegum						Tilraunaverkefni um vetrarmokstur verður haldið áfram. Vonir standa til þess að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera.
Hefja umræðu um jarðgöng úr Reykjarfirði						Eftir því sem hillir undir að heilsársvegur verði lagður yfir Veiðileysuháls er brýnna að skipuleggja og undirbúa framkvæmdir á kaflanum frá Djúpavík til Norðurfjarðar. Þetta var tekið fyrir á fundi með Vegagerðinni í nóvember 2021, þá með umræðu um vegagerð yfir Naustvíkurskörð.
Samstarf við Orkustofnun um smávirkjanir						Framkvæmdir eru hafnar við smávirkjun í Ófeigsfirði og líkur eru á annarri í Reykjarfirði.
Skólastarfi í Finnbogastaðaskóla						Lítill starfsemi hefur verið í skólabyggingunni en hún leigð út til að svara brýnni húsnæðisþörf.
Betri og jafnari þjónusta læknis						Rætt var við Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem óskaði eftir skýrari beiðni, hvað væri verið að biðja um.
Fjarþjónusta á sviði heilsugæslu						Rætt við Heilbrigðisstofnun Vesturlands.
Lagning ljósleiðara						Ljósleiðari lagður með styrk úr Fjarskiptasjóði að Melum. Verður vonandi lagður áfram í Norðurfjörð og að Krossneslaug vorið 2023.
Verslun í Norðurfirði						Verzlunarfjelag Árneshrepps stofnað 2019. Verslun rekin í Norðurfirði og gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki.
Meginmarkmið 4 - Samheldið samfélag						

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Plastpokalaus Árneshreppur						Fyrirtæki í Árneshreppi eru hætt að nota plastpoka.
Hreinsun fjara						Átak í hreinsun fjara við Finnbogastaði 2019. Einkaaðilar hafa líka tekið þetta verkefni upp með aðstoð sjálfbæðisráðsamtaka. Eilífðarverkefni.
Fræðslu- eða tómstundanámsskeið						Erfitt að koma í kring vegna fólksfæðar. Væri hægt að skoða rafrænt.
Húsnæðisþörf verði metin						Værið að hanna vef til að bóka það húsnæði sem er í boði fyrir stafræna flakkara eða störf án staðsetningar.
Kanna möguleika á aðkomu gesta/ferðafólks að göngum						Lítill áhugi hjá bændum, talið að óvanir þurfi það mikla verkstjórn að ekki svari kostnaði.

VIÐAUKI III. ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

Meginmarkmið 1 – Fjölskylduvænt samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Kynningarherferð og beinar aðgerðir til að laða fólk til Þingeyrar				X		Í vinnslu
Koma á móttökukerfi fyrir fólk sem flytur til Þingeyrar		X				Á forræði Ísafjarðarbæjar
Sníða þjónustu almenningsgangna betur að þörfum íbúa Þingeyrar og nærsveita			X			Í vinnslu - á forræði Ísafjarðarbæjar
Efla og tengja saman félagslíf mismunandi aldurshópa		X				Í vinnslu
Forgangsráða verkefnum sveitarfélagsins		X				Á forræði Ísafjarðarbæjar
Búa til app fyrir Þingeyringa til að hafa samráð um að sækja og dreifa vöru og þjónustu	X					Litill vilji - Engin tekið að sér þetta verkefni
Huga að framtíð flugvallarins á Þingeyri			X			Mikil umræða – á forræði ríkisins
Úttekt á fjarskipa- og vegamálum				X		Í vinnslu – á forræði ríkisins
Koma upp betri upplýsingaskiltum fyrir lokaðir á heiðum			X			Í vinnslu - Umræða við Vegagerðina
Vinna með Ísafjarðarbæ til að finna nýjar leiðir til að efla samgöngur á milli kjarnana				X		Mikil umræða – á forræði Ísafjarðarbæjar
Kanna hvernig best er að nýta möguleika Þingeyringa við opnun Dýrafjarðargangna				X		Í vinnslu – verkefni í gangi sem hefur fengið ÖVD styrk
Meginmarkmið 2 – Skapandi samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Meta, kortleggja og skipuleggja stöðu og framlag listarinnar til samfélagsins		X				Lítið gerst – umræða átt sér stað
Skattaívilnanir fyrir ný fyrirtæki	X					Á forræði ríkisins – ekkert gerst
Minni kostnaður við lítil fyrirtæki s.s. bókhaldskostnaður	X					Umræða en ekkert gerst
Greina núverandi stöðu matvælaframleiðslu á svæðinu			X			Í vinnslu – verkefnisstjóri og Vestfjarðastofa
Skoða leyfismál varðandi sláturvinnslu - viðskiptaáætlun fyrir sláturhús og fjármögnun		X				Umræða – í vinnslu
Kortleggja möguleika til uppbyggingar ferðaþjónustu og/eða útivistarsvæðisins fyrir Svalvogaveg	X					Engin tekið þetta að sér
Kanna vilja stjórnvalda til að koma til móts við sveitarfélög með sveigjanlegri og léttari reglum varðandi skammtíma búsetu		X				Umræða – í vinnslu – á forræði m.a. Ísafjarðarbæjar
Efla nýsköpun með góðu aðgengi að vinnuáðstöðu					X	Blábankinn
Stofna og virkja fjarbúafélag			X			Einn fundur haldinn – í vinnslu
Setja upp leigumiðlun fyrir íbúðarhúsnæði sem ekki er í heilsársnotkun			X			Einn fundur haldinn – í vinnslu – frekar litill áhugi

Hvetja íbúana og fyrirtækin á svæðinu til að auka þátttöku sína í uppbyggingu samfélagsins					X	Athafnaklúbbur stofnaður – fundir haldnir
Vinna að því að byggðakvóti og sértækur byggðakvóti nýtist sem best á Þingeyri			X			Verðið að vinna í þessu en lítill framgangur
Meginmarkmið 3 – Umhverfisvæn útivistarparadís						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Greina möguleika fyrir vikingaferðaþjónustu	X					Ekki hafið
Styrkja golffélagið					X	Verkefnið fékk góða styrki
Finna leiðir til öflunar fjármagns, gagngert til að merkja betur göngu- og hjólaleiðir				X		Í vinnslu í samráði við Ísafjarðarbæ – styrkt verkefni
Kanna vilja ferðaþjónustuaðila og heimafólks um aðgangsstýringu að náttúruperlum		X				Þjóðgarðshugmyndir ræddar – í vinnslu – á forræði ríkisins
Halda ágangum plöntum í skeffjum og gæta að heilbrigði strandsjávar			X			Í vinnslu – á forræði Ísafjarðarbæjar
Móta skýra langtímastefnu í umhverfismálum með sjálfbærni að leiðarljósi		X				Umræða átt sér stað – á forræði Ísafjarðarbæjar
Setja af stað átaksverkefni sem miðar að því að hafa bæinn snyrtilegan				X		Í vinnslu í samvinnu við sveitarfélagið
Hvetja Ísafjarðarbæ til að hafa fráveitumál í lagi					X	Í vinnslu í samvinnu við sveitarfélagið
Koma upp afmörkuðu gáma- og geymslusvæði			X			Verður ekki – ekki vilji hjá sveitarfélaginu
Ganga frá Námunni í Sneiðingnum	X					Á forræði Ísafjarðarbæjar
Koma á fót kynningu og fræðslu um flokkun sorps fyrir íbúa og ferðamenn					X	Búið að halda kynningarfund og gefa út bækling
Stuðla að frekara viðhaldi gangstétta og gatna				X		Í vinnslu – Ísafjarðarbær
Stuðla að viðhaldi fasteigna bæjarins			X			Lítið þokast – ekki á fjárlögum sveitarfélagsins núna
Hvetja fyrirtækin til að vera með virka umhverfisstefnu og ganga vel um sín svæði				X		Umræða átt sér stað – í vinnslu
Upplýsa íbúa um fyrirætlanir og daglegan rekstur fiskeldis og aðra nýtingu sjávar					X	Arctic Fish hefur haldið einn íbúafund og kynnt sínar áætlanir
Meginmarkmið 4 – Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Ísafjarðarbær veiti gott rafrænt aðgengi að málum og erindum bæjarins					X	Er vel aðgengilegt á heimasíðu bæjarins
Meta framboð og eftirspurn lóða og atvinnuhúsnæðis á Þingeyri					X	Gerð var einföld íbúakönnun – niðurstaða – mikill þörf – lítið framboð
Gera mat á möguleikum Þingeyrar til að vera "Þingstaður"	X					Verður ekki framkvæmt
Kanna vilja og möguleika tæknifyrirtækis eins og t.d. Snerpu til að koma upp gagnahýsingu á Þingeyri	X					Ekki forgangur
Stuðla að stuðningi við staðbundinn fyrirtækjarekstur					X	Verkefnisstjóri hefur veitt ýmsan stuðning m.a. styrkumsóknagerð
Hvetja Ísafjarðarbæ til að skoða það sem alvöru valkost að flugvöllurinn á Þingeyri verði opnaður aftur					X	Umræða átt sér stað – ekki vilji fyrir hendi

VIÐAUKI IV. BETRI BAKKAFJÖRÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

I. Meginmarkmið: Sterkir samfélagsinnviðir						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
<p>Starfsmarkmið 1.1: Sníða lausn í skóla- og vistunarmálum sem hentar börnunum og samfélaginu við Bakkafjörð fyrir árslok 2022, líkt og kveðið er á um í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins. Farnar verði nýjar leiðir sem geta nýst dreifðum byggðum og samræmast getu sveitarfélagsins</p> <p>Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra.</p>				X		Fjallað er um dagvistunar- og skólamál í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins vegna byggðar við Bakkaflóa. Sáttmálinn var staðfestur í ársbyrjun 2022. Þá er unnið að nýrri skólastefnu Langanesbyggðar.
<p>Starfsmarkmið 1.2: Aðstoða fólk sem lengi hefur verið atvinnulaust við að komast aftur í virkni fyrir lok mars 2021.</p>					X	Aflagt 2022. Með tilkomu nýrra rekstraraðila að fiskvinnslu á staðnum sköpuðust störf sem íbúar í atvinnuleit nýttu sér. Það má því segja að markmiðinu hafi verið náð.
<p>Starfsmarkmið 1.3: Koma á fót kaffihúsi, veitingastað og pöntunarþjónustu fyrir 18. Október 2019.</p> <p>Ábyrgð: Rekstraraðili Hafnartanga 4.</p>					X	Sveitarfélagið gekk til samninga við nýja rekstraraðila vegna reksturs á veitinga-, kaffihúsi og pöntunarþjónustu. Þjónustan hefur verið nýtt bæði af heimamönnum og gestum og opnunartími verið reglubundinn.
<p>Starfsmarkmið 1.4: Kanna möguleika á samstarfi við Orkusetur/Orkustofnun um átak í orkusparandi aðgerðum á íbúðarhúsnæði, fyrir lok mars 2020.</p> <p>Ábyrgð: Verkefnisstjórn.</p>					X	Farið var í átak með íbúum árið 2020 samhliða því þegar Orkusjóður auglýsti eftir umsóknum til orkusparandi aðgerða. Níu umsóknir voru sendar til Orkusjóðs frá Bakkafirði og hlutu allar jákvæða afgreiðslu.
<p>Starfsmarkmið 1.5: Vinna markvisst að því að auka sókn</p>					X	Einstaklingar og fyrirtæki hafa haldið áfram að senda inn umsóknir í hina

frumkvöðla í samfélaginu í styrktarsjóði fyrir utan verkefnið Betri Bakkafjörð. Að lágmarki verði komnir fjórir styrkir til verkefna í byggðarlaginu fyrir lok október 2020 <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri.						ymsu sjóði á árinu. Nefna má Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra, og var eftir því tekið hversu margar umsóknir bárust að þessu sinni í Uppbyggingarsjóð af svæðinu.
Starfsmarkmið 1.6: Lokið verði við lagningu ljósleiðara í byggðina við Bakkaflóa á árinu 2019. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð.					X	Búið er að tengja byggðina á Bakkafirði við ljósleiðara sem lagður var í þorpið á árinu.
Starfsmarkmið 1.7: Kanna möguleika á að koma á fót heilsueflandi almennings-samgöngum innan sveitarfélagsins, þarfagreiningu lokið fyrir árslok 2022. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra.					X	Vinna langt komin en ekki lokið. Íbúakönnun hefur verið framkvæmd og hluti þarfagreiningar.
Starfsmarkmið 1.8: Styrkja hverfisráð Bakkafjarðar og horfa í þeim efnum til reynslu annarra fjölkjarna- og víðfeðmra sveitarfélaga. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð í samstarfi við hverfisráð Bakkafjarðar.		X				Nýtt starfsmarkmið 2022. Vinna ekki hafin en hverfisráð fundaði reglulega á árinu og tók virkan þátt í að forgangsraða verkefnum og koma á framkvæmdaáætlun Langanesbyggðar.
II. Meginmarkmið: Öflugt atvinnulíf						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 2.1: Kominn verði viðbótar sértækur byggðakvóti í farveg fyrir lok nóvember 2019. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og Byggðastofnun.					X	Fyrirtæki í sjávarútvegi á Bakkafirði fengu úthlutað byggðakvóta sem skapað hefur atvinnu á staðnum.
Starfsmarkmið 2.2: Komin verði tvö fjarvinnslustörf í Grunnskólahúsinu á Bakkafirði fyrir lok júlí 2023. Þá verði möguleikar skoðaðir á að koma upp vinnuaðstöðu fyrir óstaðbundin störf. <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri í samstarfi við Langanesbyggð.			X			Þjóðskjalasafn Íslands auglýsti til umsóknar tímabundið starf á Bakkafirði við skráningu sóknarmannatala. Starfið byggir á styrksamningi Þjóðskjalasafns Íslands við Byggðastofnun f.h. innviðaráðherra, með vísan í aðgerð B.8 – Fjarvinnslustöðvar í stefnumótandi byggðaáætlun. Starfsmaður Þjóðskjalasafns hóf störf á Bakkafirði í Grunnskólahúsinu á Bakkafirði.
Starfsmarkmið 2.3: Skapa umgjörð og fá náttúrufræðing til starfa á staðnum fyrir mitt ár 2023 í samræmi við tillögu 5 í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa. <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri í samstarfi við verkefnisstjórn,			X			SSNE og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið gerðu með sér samning sem hefur það að markmiði að koma á samstarfi um stofnun starfsstöðvar í náttúruvannsóknnum á Bakkafirði. Framlag til verkefnisins kemur úr stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, aðgerða C.9 – Náttúruvernd til eflingar byggðaþróunar. Fyrir liggur skýrsla sem starfsmenn

ráðuneyti og viðeigandi stofnanir.					Náttúrustofu Norðausturlands unnu um starf náttúrufræðings við Bakkaflóa.
Starfsmarkmið 2.4: Ferðaþjónusta tengd skólahúsnaðinu fyrir lok júní 2019 <i>Ábyrgð:</i> Rekstraraðili Skólagötu 4.				x	Aðstöðu hefur verið komið upp í skólahúsnaðinu til reksturs ferðaþjónustu og nýir rekstraraðilar teknir við. Hægt að bóka þar gistingu allt árið um kring.
Starfsmarkmið 2.5: Kortleggja möguleika á að koma upp afþreyingu á svæðinu, til dæmis stangveiði, hvala- eða fuglaskoðun og/eða komu «Expedition» skemmtiferðaskipa fyrir mitt ár 2020. <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri í samstarfi við frumkvöðla		x			Verkefnisstjórn styrkti aðila sem ráðgerðu að fara út í hvala- og fuglaskoðun. Vegna COVID-veirunnar röskuðust þau plön og umsækjandi féll frá verkefninu. Ferðaþjónustufyrirtækið NorthEast býður hins vegar upp á ýmsar ferðir og auglýsir á sinni heimasíðu.
Starfsmarkmið 2.6: Skilgreina/kortleggja og merkja gönguleiðir í nágrenni Bakkafjarðar. <i>Ábyrgð:</i> Hverfisráð Bakkafjarðar í samstarfi við atvinnu- og nýsköpunarnefnd Langanesbyggðar og Markaðsstofu Norðurlands				x	Greinargott gönguleiðakort er til yfir helstu gönguleiðir umhverfis Bakkafjörð. Þá eru til stikur til að merkja helstu leiðir. Framhald verkefnisins er á borði Hverfisráðs Bakkafjarðar.
Starfsmarkmið 2.7: Koma starfsemi af stað í húsnaði við Hafnargötu 2-4, fyrir apríl 2020. <i>Ábyrgð:</i> Eigendur húsanna í samstarfi við verkefnisstjóra.				x	Bjargið ehf. keypti þrotabú Toppfisks og kom á fót fiskvinnslu sem hefur skapað störf fyrir ákveðinn hóp.
Starfsmarkmið 2.8: Námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja, fyrir lok nóvember 2022. <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri í samstarfi við SSNE.	x				Ekki hefur orðið af þessu verkefni, en mikilvægt að fylgja því eftir.
Starfsmarkmið 2.9: Láta útbúa áningastaði/útskot við veginn um Langanesströnd <i>Ábyrgð:</i> Sveitarstjórn Langanesbyggðar.				x	Með nýjum uppbyggðum vegi milli Þórshafnar og Bakkafjarðar hefur verið komið fyrir áningarstöðum/ útskotum á valda staði.
Starfsmarkmið 2.10: Fjölga nýsköpunarverkefnum tengdum sjávarútvegi, fyrir mitt ár 2023. <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri í samstarfi við fyrirtæki.			x		Nýtt starfsmarkmið árið 2022. Fiskvinnslufyrirtækið Bjargið ehf. hlaut á árinu styrk að upphæð kr. 4.500.000 úr Lóunni nýsköpunarsjóði fyrir verkefnið Grásleppugæði. Hópurinn sem stendur á bak við verkefnið ráðgerir að halda áfram með verkefnið og sækja í fleiri nýsköpunarsjóði.
Starfsmarkmið 2.11: Skilgreina að minnsta kosti einn ferðamannastað í Bakkaflóa fyrir nýja áfangastaðáætlun Norðurlands sem tekur gildi 2024.	x				Nýtt starfsmarkmið árið 2022, ekki hafið.

Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og íbúa.						
Starfsmarkmið 2.12: Kanna jarðveg fyrir uppbyggingu hótels í Bakkaflóa, fyrir mitt ár 2023. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra.	X					Nýtt starfsmarkmið árið 2022, ekki hafið.
III. Meginmarkmið: Aðlaðandi umhverfi Bakkafjarðar						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 3.1: Unnið verði að því með íbúum að fanga sérstöðu Bakkafjarðar og nærsveita og koma henni á framfæri í samfélaginu og utan þess fyrir mitt ár 2023. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við íbúa og fjölmiðla.				X		Bakkafjörður byggir tilvist sína á sjósókn og sjávarútvegi. Þá eru tækifæri til staðar í landbúnaði og ferðaþjónustu sökum þess að svæðið er talið henta vel til sauðfjárræktar. Náttúran og viðernið eru ákveðin tækifæri fyrir tiltekinn hóp ferðamanna.
Starfsmarkmið 3.2: Virkja kraft íbúana til framfara. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við Hverfisráð Bakkafjarðar			X			Íbúar hafa í gegnum árin verið virkir í því að hlúa að byggðarlaginu. Áhugi íbúa s.s. á umhverfismálum, skógrækt, eyðingu lúpínu og verndun gamalla húsa er ákveðinn styrkur samfélagsins.
Starfsmarkmið 3.3: Móta aðgerðaráætlun í umhverfismálum á Bakkafirði og nærsveitum, líkt og kveðið er á um í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins, fyrir lok árs 2023. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við hverfisráð og íbúa.			X			Sveitarfélagið Langanesbyggð hefur skoðað möguleika sem felast í samstarfi á svæðinu í sormálum. Unnið er að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi (2023-2036) og þá er fjallað um umhverfismál í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins. Áætlun liggur fyrir um fráveitumál.
Starfsmarkmið 3.4: Meta kosti þess að endurheimta Bláfánann fyrir höfnina.					X	Aflagt 2022. Málið hefur verið skoðað og niðurstaðan var að ekki væri ástæða til að endurheimta Bláfánann að svo stöddu.
Starfsmarkmið 3.5: Langanesbyggð verði í fremstu röð varðandi innleiðingu heilsueflandi samfélags. Ábyrgð: Stýrihópur um heilsueflandi samfélag, HSAM hópurinn.			X			Í Langanesbyggð eru íbúar meðvitaðir um mikilvægi þess að stunda heilsueflandi starfsemi, m.a. með útivist og nýta sé það sem iþróttamiðstöðin hefur upp á að bjóða. Verkefnisstjóri Langanesbyggðar fyrir Heilsueflandi samfélag (HSAM) hefur haft samráð við verkefnisstjóra og hverfisráð Bakkafjarðar og ráðgert er að efla það samstarf.
Starfsmarkmið 3.6: Átak verði gert í að bæta umhirðu fasteigna og umhverfis. Ábyrgð: Íbúar, fyrirtæki, fasteignaeigendur og Langanesbyggð.					X	Húseigendur á Bakkafirði halda almennt húsum sínum vel við. Gert hefur verið átak í lagfæringu íbúðar- og atvinnuhúsa, sem kölluðu á endurbætur, auk þess að lagfæra umhverfi þeirra.

Starfsmarkmið 3.7: Skoða hvort hægt sé að finna jörðinni Skeggjastöðum nýtt hlutverk, ásamt meðfylgjandi húsakostum, fyrir mitt ár 2023. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og sóknarnefnd Skeggjastaða.		X				Nýtt starfsmarkmið árið 2022. Einhver samskipti hafa átt sér stað milli sveitarfélags og rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar en ekkert liggur fyrir um framtíðarnot jarðarinnar.
IV. Meginmarkmið: Skapandi mannlíf						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 4.1: Skipuleggja gamla hafnarsvæðið og framfylgja og framkvæma þá stefnu. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð og verkefnisstjóri.				X		Starfsmarkmiði breytt árið 2022. Deiliskipulag af gamla hafnarsvæðinu hefur fengið lögformlega afgreiðslu. Hluti þess skipulags hefur komið til framkvæmda með nýjum útsýnispalli og öðrum framkvæmdum á Hafnartanganum.
Starfsmarkmið 4.2: Útbúa aðstöðu á Bakkafirði fyrir innlent og erlent listafólk og listnema. <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri	X					Starfsmarkmiði breytt árið 2022. Verkefnið hefur ekki farið af stað.
Starfsmarkmið 4.3: Kvikmynd um Langanesbyggð. <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð					X	Verkefnisstjórn lítur svo á að markmiðum þessa verkefnis hafi verið sinnt. Fjölmíðillinn N4 framleiddi sjónvarpsefni í tveimur hlutum um Bakkafjörð. Þá hefur ferðaþjónustufyrirtækið NorthEast framleitt markaðskynningarefni og kynningarmyndband.
Starfsmarkmið 4.4: Skógrækt í þéttbýlinu. <i>Ábyrgð:</i> Verkefnisstjóri.			X			Áhugafólk um skógrækt hefur haldið úti félagi sem hefur gróðursett tré á svæðinu. Stefnt er að því að gera skógræktaráætlun fyrir Bakkafjörð sambærilega þeirri sem hefur verið unnin á Þórshöfn og hefur þegar komið til framkvæmda.
Starfsmarkmið 4.5: Efla samstarf/tengsl innan sveitarfélagsins. Lokið maí 2023. <i>Ábyrgð:</i> Hverfisráð Bakkafjarðar.				X		Þáttur í eflingu tengsla innan sveitarfélagsins var stofnun hverfisráðs sem hefur fundað reglulega. Þá hefur Björgunarsveitin Hafliði unnið að því að treysta sitt starf á Bakkafirði. Halda þarf áfram vinnu við eflingu samskipta innan sveitarfélagsins.
Starfsmarkmið 4.6: Íslenskukennsla fyrir útlendinga <i>Ábyrgð:</i> Langanesbyggð				X		Boðið var upp á íslenskukennslu fyrir hluta árs 2022, í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og fyrirtæki á staðnum. Full ástæða er til að fylgja því eftir með framhaldsnámskeiði.
Starfsmarkmið 4.7: Virkja íbúasamtök Bakkafjarðar. <i>Ábyrgð:</i> Íbúar.				X		Stofnað var hverfisráð sem er ákveðið skref á þessari braut.

VIÐAUKI V. STERKAR STRANDIR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

Sterkir innviðir og öflug þjónusta						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Stofnuð verði vefverslun fyrir svæðið						Kvaka er vefverslun Strandamanna.
Tryggja skipulagða móttöku nýbúa						Óformlegar samræður hafnar
Verkefni sem búa í haginn fyrir ungt fólk kortlögð og stofnuð						Óformlegar samræður hafnar
Allur Innstrandavegur fær bundið slitlag, einbreiðar brýr upprættar, vegrið bætt, Hrótafjörður þveraður.						
Háhraðanet/5G á Hólmavík						
Raforkukostnaður jafnaður milli dreifbýlis og þéttbýlis						
Aukið framboð á fjölbreyttu húsnæði						Viðræður við HMS í gangi eftir nokkurt hlé.
Kanna og kortleggja þarfir á menningar- og tómstundaframboði						
Kortleggja nýsköpunarmöguleika í menntun						
Koma á fót tveimur nýjum tómstundamöguleikum						Sjóíþróttafélagið Rán stofnað. Golfhermir kominn til golfklúbbsins.
Hefja hitaveituframkvæmdir fyrir Hólmavík						Jarðhitaleit hafin á Gálmaströnd með fulltingi Sterkra Stranda.
Niðurgreiðsla rafmagns til húshitunar á köldum svæðum taki einnig til atvinnuhúsnæðis						

Stígandi í atvinnulífi

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Strandir verði miðstöð þjóðtrúar á Íslandi						Ötult starf Rannsóknaseturs HÍ skýrir góða stöðu.
Stofnun heilsutengds ferðaþjónustufyrirtækis eða uppbyggingarseturs						Kyrrðarkraftur náði ekki flugi.
Tryggja Strandabyggð auknar fiskveiðiheimildir						
Bæta afkomu ferðaþjónustufyrirtækja og auka fjölbreytni þeirra						Áratak hefur hafið störf og ÓBH skoðar stjóangaveiði.
Hefja félags- og atvinnustarfsemi tengda sjósporti						Sjóíþróttafélagið Rán.
Gerðar verði tilraunir með veiðar á grjótakrabba og/eða öðrum vannýttum tegundum, svo sem flundru, til nytja						Hafgustur ehf stofnaður.
Gera fólki kleift að starfa og setjast að í Strandabyggð og sinna störfum án staðsetningar						Aukin markaðssetning á Þróunarsetrinu hófst.
Skipuleggja og framkvæma átak í aukinni fjölbreytni atvinnulífs						
Komið verði á fót a.m.k. einni nýrri einingu/starfsemi í fullvinnslu og sölu afurða úr landbúnaði eða sjávarútvegi						Kjötvinnslan á Stóra-Fjarðarhorni. Vinnslan á Húsavík studdog Hafgustur fékk styrk úr Matvælasjóði til vöruþróunar og vinnslu grjótakrabba.
Möguleikar til fiskeldis rannsakaðir og viðhorf íbúa könnuð						Vestfjarðastofa hefur lokið viðamikilli könnun og úttekt. Innviðagreining stendur yfir
Stofnuð að lágmarki tvö verkefni sem stuðla að fjölgun skapandi starfa						Ýmis menningarverkefni styrkt 2020 og 2021.
Ráðning ferðamálafulltrúa til sveitarfélagsins, hugsanlega í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög						

Stolt og sjálfbært samfélag

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Þrjú útivistarfélög séu virk og sjálfbær hið minnsta						Skiðafélagið, Sjóíþróttafélagið og Golfklúbburinn hafa öll verið studd og eru virk.
Einn nýr ferðamannastaður / gönguleið gerð frá grunni hið minnsta						Samtal hafið um stofnun ferðamálafélags til að vinna svona verk.
Gönguleiðir í Strandabyggð kortlagðar, merktar og hannaðar						--/--
Áhugaverðir staðir í Strandabyggð merktir						Skilti Viðeyjarhúss.
Gerð og miðlun kynningarefnis um útivistarmöguleika í Strandabyggð (á sjó, á skiðum, o.fl.)						Ferðamálafélag þarf.
Kortlagning möguleika á verkefnum tengdum svæðis- og þjóðgörðum í sátt við samfélag og náttúru						--/--
Sýnileiki svæðisins aukinn og ímynd þess styrkt						Strandir.is
Átak í að fegra og hreinsa umhverfið						
Átak í nýtingu Umhverfissvottunar Vestfjarða						
Áhersla lögð á stuðning við rannsóknir, miðlun og hagnýtingu á menningararfi svæðisins þannig að þessum störfum fjölgi um fjórðung						Vinna í gangi en ekkert í hendi.
Stutt við að minnsta kosti tvö verkefni á ári sem stuðla að jákvæðri kynningu og aukinni fréttamiðlun						Strandir.is fékk góðan stuðning.
Malbikun gatna á Hólmavík						
Gangstéttar á Hólmavík bættar						
Verndarsvæði í byggð á Hólmavík samþykkt af íbúum og ráðherra						Tillaga í vinnslu.
Stofnun héraðsskjalasafns fyrir Strandir						Skýrsla í vinnslu.
Sérstök kortlagning á þörfum og möguleikum íbúa dreifbýlis Strandabyggðar						
Kynna öflugt menntastarf í Strandabyggð						Óformlegar samræður hafnar.



Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi							
Starfsmarkmið	0 %	25%	50%	75%	100 %	Skýringar	Markmiði lokið
1.1 hugmyndavinna nýtingu á Balanum							Vor 2023
1.2 Uppbygging hafin á Balanum						Fyrsti áfangi uppbyggingar lokið 2023	Lok árs 2023
1.3 Átak í gerð göngu- og hjólastíga							Haust 2025
1.4 Útgáfa á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni							Lok árs 2023
1.5 Árlegir hreinsunardagar. Úrbótaganga						Halda skal hreinsunardaga árlega	Vor 2023
1.6 Íbúafundur og hugmyndavinna um miðbæ							Vor 2023
1.7 Haldið áfram með verkefnið Skúlpúraslóð							Sumar 2023
1.8 Útilíkamsræktartæki							Vor 2024
1.9 Greining á hundasvæði							Lok árs 2023
1.10 Göngustígum viðhaldið							Lok árs 2024
1.11 Gangstéttir kláraðar og bætt þar sem vantar							Lok árs 2024
1.12 Aðgerðir í orkusparnaði							Lok árs 2023

Meginmarkmið 2: Samheldið samfélag							
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið
2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga							Lok árs 2022
2.2 Kanna grundvöll fyrir leigumiðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun							Vor 2023
2.3 Húsnæði fyrir eldri borgara							Lok árs 2023
2.4 Fjárhagslegar aðgerðir sveitarfélags							Lok árs 2024
2.5 Tilraunaverkefni með opnunartíma sundlaugar							Sumar 2023
2.6 Lækkun orkukostnaðar							Lok árs 2023
2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggðaáætlunar (A9)							Haust 2022
2.8 Aðstaða við Ölduna verði bætt							Lok árs 2024
2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf						Boðið verður upp á árlega	Haust 2022
2.10 Efla íþróttastarf Súlunnar						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022
2.11 Afbreyting og félagsstarf íbúa						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022



Meginmarkmið 3: Öflugt atvinnulíf

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið
3.1 Komið á opinberu starfi á Stöðvarfirði							Lok árs 2024
3.2 Komið upp aðstöðu fyrir störf án staðsetninga							Lok árs 2024
3.3 Stofna vottað framleiðslueldhús							Lok árs 2023
3.4 Miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi							Lok árs 2024
3.5 Styrkja stöðu bæjarins sem safnabæjar							Lok árs 2024
3.6 Kanna grundvöll fyrir Fornleifasýningu							Lok árs 2025
3.7 Sameiginlegt skjaldamerki							Lok árs 2023
3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með samvinnu við íbúa							Lok árs 2023
3.9 Námskeiðahald á vegum íbúa							Lok árs 2023
3.10 nýsköpunar og/eða þróunarverkefni							Lok árs 2024
3.11 Gangstéttir kláraðar og bætt þar sem vantar							Lok árs 2024
3.12 Sértekt Aflamark							Lok árs 2024



Meginmarkmið 4: Sterkir innviðir

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið
4.1 Aukin tækifæri í ferðamennsku							Sumar 2023
4.2 Umbætur á Suðurfjarðavegi							Lok árs 2025
4.3 Greining á á núverandi kerfi almenningssamgangna						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022
4.4 Lokið við lagningu ljósleiðara							Mitt ár 2024
4.5 Uppsetning á upplýsingaskiltum							Sumar 2023
4.6 Möguleikar á fjölnotahúsi							Lok árs 2023
4.7 Heilbrigðisþjónusta endurskoðuð							Lok árs 2023
4.8 Uppbygging á húsnæði, kortlagðir möguleikar							Lok árs 2023
4.9 Fimm nýjar íbúðir teknar í notkun							Lok árs 2025
4.10 Komið á fót löngörðum/ skrifstofukjarna							Lok árs 2024

VIÐAUKI VII. DALAAUÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

Meginmarkmið 1 – Samkeppnishæfir innviðir						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.1. Byggðar verði í það minnsta 10 íbúðir í Búðardal fyrir lok árs 2025.						Þetta markmið er á áætlun. Verið er að byggja 3 íbúðir sem á að klára 2023.
1.2. Stofnað verði fjárfestingafélag um uppbyggingu iðngarða í Búðardal fyrir lok árs 2023.						Stofnaður hefur verið undirbúningshópur. Styrkur fékkst úr C1 fyrir hönnun á iðngörðum í Búðardal. Haldinn hefur verið kynningarfundur til að kalla eftir áhugasömum aðilum.
1.3. Lokið verði við byggingu íþróttahúss og sundlaugar í Búðardal á árinu 2024.						Markmið er á áætlun.
1.4. A.m.k. tvær gönguleiðir verði betrubættar eða útbúnar í og við Búðardal fyrir árið 2025.						Skógræktarfélag Dalasýslu fékk styrk úr Frumkvæðissjóði og hyggur á framkvæmdir í Brekkuskógi sem er rétt við Búðardal.
1.5. Kortlagning gönguleiða víða um Dalabyggð, sem unnin er						Kortlagningu er lokið á vegum SSV en eftir er að gera leiðirnar aðgengilegar.

að á vegum SSV, verði gerð aðgengileg almenningi árið 2023. Valdar leiðir verði stikaðar, þar sem það á við, til að auka aðgengi að þeim.					Veittir voru þrjú styrkir til gönguleiða úr Frumkvæðissjóði, þar á meðal til 20 km leiðar sem liggur frá Skarðsströnd til Fellsstrandar sem áætlað er að stika sumarið 2023.
1.6. Samstarfsverkefni á vegum SSV, Dalabyggðar og Markaðsstofu Vesturlands verði sett á legg til að útbúa upplýsingapakka og kynningarefni um útivistarleiðir, svo sem göngu-, reið- og hjólaleiðir í Dalabyggð, sem verði tilbúinn fyrir sumarið 2024.					Á áætlun 2024.
1.7. Undirbúin verði áætlun um lagningu reiðleiða í dreifbýli, í samráði við hestamannafélagið, Vegagerðina og landeigendur þar sem það á við, á árinu 2024.					Á ætlun 2024.
1.8. Unnið verði að a.m.k. tveimur verkefnum sem fela í sér uppbyggingu skógarstíga eða áningarstaða innan skóga fyrir 2025.					Frumkvæðissjóður veitti tvo styrki til verkefna af þessu tagi árið 2022 og er stefnt að framkvæmdum sumarið 2023.
1.9. Unnið verði eftir tillögum og forgangsröðun vegaframkvæmda á starfstímabilinu 2022-2025, líkt og þær eru lagðar til í samgönguáætlun Vesturlands. Íbúar verði upplýstir um framvindu og frávík allra framkvæmda í byggðarlaginu.					Miklum þrýstingi hefur verið beitt á stjórnvöld varðandi vegamál í Dölum en enn er ekkert fast í hendi varðandi umbætur á því sviði.
1.10. Stofnvegurinn um Skógarströnd verði endurbættur og árlegar fjárveitingar til verkefnisins tryggðar					

Þannig að klára megi framkvæmdir sem fyrst.					
1.11. Laxárdalsvegur verði skilgreindur sem stofnvegur og lögð verði áhersla á að klára að leggja bundið slitlag á hann eigi síðar en árið 2024. Mikilvægt er að byggja nýjar brýr á Laxárdalsheiði samhliða því sem vegurinn er lagður bundnu slitlagi.					
1.12. Gerð verði þarfagreining og áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í byggðarlaginu árið 2023.					Starfshópur hóf störf haustið 2022 og vann þarfagreiningu.
1.13. Þegar áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í Dalabyggð liggur fyrir, sbr. markmið 1.12., eigi sér stað samtal við ríki og þjónustuaðila um aðgengi að hleðslustöðvum árið 2024, með tilliti til áherslu ríkisvaldsins á orkuskipti.					Aðgerðin var sett fram vegna þess að töluvert ósamræmi var í greiðsluleiðum, tengjum og almennu aðgengi að rafhleðslustöðvum. Þessi aðgerð er talin óþörf eftir samtal við ráðherra á íbúafundi. Þróun í hraðhleðslustöðvum er hröð og aðgengi að þeim að verða samhæfðara almennt. Starfshópurinn sem tók að sér þetta verkefni er sammála því að ekki þurfi að fara í aðgerðina. Starfshópurinn er því þegar byrjaður á markmiði 1.14.
1.14. Byggt verði upp hleðslustöðvanet í Dalabyggð í samræmi við ofangreinda áætlun í 1.12 fyrir lok árs 2025.					Áform eru uppi um að fjölga um eina hraðhleðslustöð í Búðardal sumarið 2023. Starfshópurinn hefur þegar haft samband við ferðaþjónustuaðila sem vilja setja upp minni hleðslustöðvar hjá sér og vinnur nú að því að kalla eftir tilboðum frá fyrirtækjum sem verða send til áhugasamra ferðaþjónustuaðila.
1.15. Árlega verði unnið að framgangi í þrífösun og að því að leggja rafmagn í jörð á starfstímanum.					Sveitarfélagið hefur kallað eftir endurmati á forgangsröðun til að hægt sé að tryggja raforkuöryggi í Döllum.

Lokið verði að fullu við þrífösun á rafmagni og að leggja strengi í jörðu árið 2026.						
1.16: Gert verði átak í að styrkja fjarskiptainnviði og bæta þannig símasamband í Dalabyggð árið 2023.						SSV hefur ráðið til sín sérfræðing til að gera úttekt á fjarskiptasambandi í Dölum. Úttektina verður meðal annars hægt að nota til að kalla eftir umbótum hjá þjónustuaðilum.
1.17. Íbúar fái kynningu á kostum og göllum varmadæla og reglum um niðurgreiðslur í því sambandi, á árinu 2023.						Þetta er á áætlun.
1.18. Átak verði í nýtingu félagsheimila í Dalabyggð árin 2022-2025.						Þetta verkefni gengur mjög vel. Árblik er í rekstri. Dalabúð er í mikilli notkun, bæði undir samkomur og ýmis konar skóla- og félagsstarf. Stefnt er að því að opna vottað eldhús í Tjarnarlundi. Staðarfell (félagsheimilið) er komið á söluskrá.
1.19. Árið 2022 eigi sér stað formlegt samtal við Biskupsstofu um nýtingu kirkna og uppbyggingu og viðhald á sögufrægum kirkjum í Dalabyggð.						Ekki tókst að hefja þetta samtal á árinu 2022. Stefnt að því árið 2023.
1.20. Sveitarfélagið skoði að fá til liðs við sig sjálfbærliðasamtök og/eða félagasamtök til að taka þátt í hreinsunarátaki í byggðarlaginu, sumurin 2023, 2024 og 2025.						Þetta er á dagskrá.
Meginmarkmið 2 – Skapandi og sjálfbært atvinnulíf						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
2.1: Árið 2023 verði a.m.k. þrjár einstaklingar starfandi að staðaldri í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar.						Einn starfsmaður er með fasta starfsstöð í Nýsköpunarsetrinu. Starfsmaður KPMG er með aðstöðu tvisvar í mánuði. Ráðgjafar SSV eru með mánaðarlega viðveru í Nýsköpunarsetrinu. Aðstaðan er einnig mikið notuð undir próf í prófatið hjá framhaldsskóla- og

					háskólanemum. Þá er setrið nýtt undir ýmiss konar fræðslu og fundi.
2.2. Sett verði á fót Ráðgjafaráð Nýsköpunarseturs sem yrði samansett af heimafólki og fjarbúum sem er tilbúið að miðla sinni þekkingu til áhugasamra.					Ráðgjafaráðið var stofnað haustið 2022.
2.3. Sveitarstjórn kanni möguleikann á tilfærslu opinberra starfa til Dalabyggðar árin 2022-2024.					Þetta samtal á sér reglulega stað við yfirvöld og er áframhaldandi verkefni. Enn hefur ekki orðið tilfærsla á störfum.
2.4. Farið verði í markaðssetningu á Dalabyggð sem búsetukosti, atvinnusvæði og frístundasvæði til hagsbóta fyrir samfélagið árið 2023.					Verkefnið Dalabyggð í sókn fékk 11.000.000 styrk úr C1 á byggðaáætlun. Um er að ræða styrk fyrir markaðsherferð fyrir Dalabyggð til að laða að nýja íbúa, fjárfesta og ferðamenn.
2.5. Leitað verði samstarfs við stjórnvöld um þróunarverkefni í landbúnaði þar sem fundnar verða leiðir til aukinnar arðbærni í atvinnugreininni, á árunum 2022-2025.					Það má segja að verkefnið "Verðmætasköpun í strjálbýli" sem fékk styrk úr C1, falli undir þetta en um er að ræða samstarfsverkefni SSV, SSVN og Vestfjarðastofu þar sem farið verður í átak til að auka nýsköpun á lögbýlum í Döllum, á Ströndum, í Reykhólahreppi og í Húnaþingi vestra. Verkefnið fékk myndarlegan styrk upp á 21.6 m.kr. Þetta verkefni snýr helst að því að auka tekjur á lögbýlum með nýsköpun.
2.6. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni í skógrækt, grænmetis- og/eða fódurrækt verði hrundið af stað fyrir lok árs 2025.					Tvö ræktunar verkefni fengu styrk úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs árið 2022 og er framleiðsla þegar farin af stað í báðum verkefnum. Fleiri hafa lýst yfir áhuga á að hefja ræktun á svæðinu. Þá fékkst styrkur úr Uppbyggingarsjóði fyrir verkefni sem snýr að sölu aspargræðlinga úr Dalabyggð.
2.7. Búið verði til vörumerki fyrir vörur					Fyrirnefndur styrkur úr C1 fyrir verkefnið <i>Dalabyggð í sókn</i> felur í sér að búið verði til

framleiddar í Dalabyggð árið 2023.					vörumerki fyrir afurðir úr Dölum.
2.8. Námskeið verði haldið á árinu 2023 í vörubrúun, markaðssetningu og að koma afurðum og vörum í sölu.					Haldið var námskeið í verðlagningu haustið 2022 í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar. Þá hefur verið lögð áhersla á að vekja athygli á erindum, námskeiðum og annarri fræðslu sem falla undir þessa lýsingu í gegnum heimasíðu Dalabyggðar og íbúasíður á samfélagsmiðlum. T.d. fjarnámskeið o.fl. Þ.á.m. námskeiðið "Matarfrumkvöðullinn" sem haldið er á vegum Austurbrúar í febrúar-mars 2023.
2.9. Verkefnisstjóri aðstoði þá sem hafa áhuga á að selja vörur framleiddar í héraðinu, við að koma þeim í sölu á árunum 2022-2025.					Enn hefur ekki reynt á þetta.
2.10. A.m.k. tvö þróunarverkefni í framleiðslu, markaðssetningu og/eða sölu afurða úr byggðarlaginu, fari af stað fyrir lok árs 2025.					Tvö lögbýli hófu þróun á afurðum úr ærkjöti beint frá býli og seldu á jólamarkaði árið 2022. Þau stefna bæði á aukna framleiðslu.
2.11. Að hafið verði a.m.k. eitt frumkvæðisverkefni sem felur í sér nýsköpun í verslun í byggðarlaginu fyrir árið 2025.					
2.12. Sett verði fram heildstæð stefna í ferðaþjónustu sem snýr að hæglæti fyrir lok 2023.					
2.13. Markaðssetningar átaki fyrir áfangastaðinn Dalabyggð verði hrundið af stað fyrir sumarið 2024.					Þetta markmið tengist starfsmarkmiði 2.12 um stefnu í ferðaþjónustu og einnig starfsmarkmiði 1.6. um kynningarpakka um gönguleiðir sem á að gera fyrir árið 2024.
2.14. Greind verði sóknarfæri og nýtingarmöguleikar sem felast í menningarmínjum					Ekki hafið.

og menningararfi Dalabyggðar árið 2024.						
2.15. Árin 2023-2024 verði unnið að því að móta hugmynd að gagnvirkri upplifun tengdri Auði djúpúðgu.						Ekki hafið.
2.16. Unnið verði að gerð hljóðleiðsagnar um Dalina árið 2024, sem tengir svæðið við landnámssöguna.						Ekki hafið.
2.17. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni fari af stað í ferðaþjónustu á tímabilinu 2022-2025.						Nýtt ferðaþjónustufyrirtæki hóf störf og fékk styrk frá Frumkvæðissjóði DalaAuðs haustið 2022. Það heitir „Good morning Iceland“. Fyrirtækið býður meðal annars upp á norðurljósaferðir og aðrar myndatökur. Einnig er boðið upp á myndatökur og gerð markaðsefnis fyrir ferðaþjónustuaðila. Eitt annað ferðaþjónustutengt verkefni fékk styrk úr Frumkvæðissjóði og er á hugmyndastigi.
2.18. Dalabyggð hagi verkkaupum þannig að heimaaðilar eigi möguleika á að bjóða í verk á starfstímabilinu og eftir það.						Þetta er áframhaldandi verkefni og hefur Dalabyggð lagt áherslu á að gera verðkannanir vegna ákveðinna framkvæmda. Sífelld eru skoðaðar leiðir til að auka verkkaup í heimabyggð.
2.19. Áhugasöm fyrirtæki fái aðstoð við að innleiða grænan tékklista í sínum rekstri og möguleiki á umhverfissvottun fyrir minni fyrirtæki kannaður árin 2023-2024.						Ekki hafið.
Meginmarkmið 3 – Auðugt mannlíf						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
3.1. Haldið verði áfram formlegum viðræðum við ríkið árið 2023 um að nýta Staðarfell til að stofna menningarsetur, þar sem færi fram fjölbreytt safna-, fræða-, félags- og/eða listastarf.						Ríkið setti Staðarfell á sölu síðla árs 2022 og var það selt í byrjun árs 2023. Áform eru uppi um að finna leiðir til að vekja athygli á safnakosti Dalabyggðar og hefur starfshópur hafið störf til að finna lausnir á því. Hópurinn á

					að skila niðurstöðum í apríl 2023.
3.2. Haldin verði tómsundanámskeið eða fræðsluerindi fyrir íbúa, a.m.k. tvisvar á ári í Dalabyggð, árin 2023-2025.					Þetta verkefni hófst í haust og þegar hefur verið haldið slökunarnámskeið, garðyrkjunámskeið og námskeið í tölvulæsi í Dalabyggð.
3.3. Átthaganámskeið, um sögu, náttúru og menningu í Dölum, verði haldið árið 2023.					Undirbúningur er hafinn.
3.4. Leitað verði leiða til að gera frístundastarf og menningarstarf aðgengilegt fyrir eldri borgara.					Ekki hafið.
3.5. A.m.k. eitt frumkvæðisverkefni á sviði lista eða lýðheilsu, sem eflir félagsstarf á svæðinu, fari af stað í byggðarlaginu fyrir árslok 2025.					Eitt verkefni hófst snemma árs 2023 og annað var endurvakið. Leikfélagið ákvað að setja fram leiksýningu og stofnaður var blandaður kór fullorðinna sem æfir vikulega í Dalabyggð.
3.6. Byggðahátíðir verði nýttar árlega til að auka tækifæri í listsköpun til ársins 2025, t.d. í tónlist, myndlist eða handverki. Auglýst verði sérstaklega eftir þátttöku á því sviði.					Ekki hafið. Nokkrir listatengdir viðburðir eru þó komnir á dagskrá Jörvagleðinnar sem haldin verður vorið 2023.
3.7. Skoðaður verði möguleikinn á að bjóða upp á nám fyrir fullorðna í tónlistarskólanum á starfsárinu 2024-2025.					Ekki hafið.
3.8. Íbúar bjóði nýbúa og "hálfbúa" velkomna í umræðuhópa á samfélagsmiðlum, til að allir geti tekið þátt í umræðum og viðburðastarfi innan Dalabyggðar.					Ekki liggur fyrir að hvaða marki hefur verið unnið að þessu markmiði. Reynt verður að meta stöðuna í samtali við íbúa við fyrstu hentugleika, til dæmis á næsta íbúafundi.
3.9. Útbúinn verði póstlisti haustið 2022, fyrir "hálfbúa" og aðra áhugasama sem vilja fá upplýsingar um það sem er að gerast í Dalabyggð.					Þetta markmið tók breytingum. Það var engin eftirspurn eftir sér póstlistum fyrir hálfbúa til upplýsingagjafar. Á heimasíðu Dalabyggðar eru allir viðburðir auglýstir t.d. og - þróunin varð sú að þeir sem vildu fá

						upplýsingar um ákveðinn hóp, málefni eða fræðslu skráðu sig á lista vegna þess sérstaklega. Markmiðið mun líklega verða endurskoðað á næsta íbúafundi.
3.10. Skemmtilegi klúbburinn haldi sinn fyrsta fund haustið 2022 en í gegnum hann standi íbúum og velunnurum Dalabyggðar til boða að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi, sem verður opið öllum.						Fyrsti fundur Skemmtilega klúbbsins var haldinn haustið 2022.

Meginmarkmið 4 – Öflug grunnþjónusta

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
<p>4.1. Skipulagt verði samráð með ákveðnum hópum samfélagsins árið 2023.</p> <p>Aðgerð A: Skapaður verði virkur samráðsvettvangur vegna skólamála, til að mynda með eflingu foreldraráðs, til að efla samtal á milli sveitarfélags, skólastjórnenda og foreldra.</p> <p>Aðgerð B: Komið verði á mánaðarlegum fréttum á heimasíðu Auðarskóla, fyrir alla áhugasama sem vilja fylgjast með skólastarfinu.</p> <p>Aðgerð C: Reglulegir fundir verði einnig með nemendaráði grunnskólans varðandi ákvarðanir um skólamál. Sérstaklega verði rætt við þau um</p>						<p>Unnið er að skólastefnu, þar sem stefnt er að því að innleiða samráð milli foreldra og skóla í gegnum Skólaráð. Þá er verið að skoða hvort kynningar á framhaldsnámi og fleira eigi erindi þar inn. Skilaboð íbúapings og verkefnisáætlun hafa verið nýttar við gerð stefnunnar.</p> <p>Samtal hefur átt stað við forsvarsmenn bæði Silfurtúns og Auðarskóla um heimsóknir. Fyrir liggur formlegt samkomulag og er stefnt að því að endurvekja heimsóknir í mars/apríl 2023.</p>

<p>aðbúnað og val í námi.</p> <p>Aðgerð D: Reglulegir samráðsfundir verði með eldri borgurum varðandi þjónustu við þann hóp.</p> <p>Aðgerð E: Stjórnendur Silfurtúns og Auðarskóla kanni möguleikann á því að vera með heimsóknir á milli stofnana sem heimilisfólk og nemendur beggja stofnana geta tekið þátt í.</p>					
<p>4.2. Útiaðstaða í Auðarskóla verði metin og úrbótaáætlun gerð, samhliða fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir 2023.</p>					<p>Þessu markmiði þarf að fresta. Vegna væntanlegra framkvæmda við íþróttamannvirki verður mjög mikið rót á nærumhverfi Auðarskóla á meðan framkvæmdum stendur. Það þarf því að taka þetta mál upp þegar framkvæmdum lýkur.</p>
<p>4.3. Vatnsbrunnur í Auðarskóla verði kominn í gagnid haustið 2022.</p>					<p>Lokið haust 2022.</p>
<p>4.4. Sveitarfélagið kanni hvort verði hvort hægt sé að koma á frístundaakstri, í tilraunaskyni, milli Búðardals og Lauga árin 2022-2024.</p>					<p>Frístundabíll hóf ferðir haustið 2022.</p>
<p>4.5. Fjölbreytt framhaldsskólanám víða um landið, verði kynnt árlega fyrir nemendum á elsta stigi.</p>					<p>Ekki hafið.</p>
<p>4.6. Aðgengi að heilbrigðis stoðþjónustu á borð við sjúkraþjálfun verði aukið fyrir árið 2023.</p>					<p>Ungmennafélagið Ólafur Pá fékk styrk til að standsetja sjúkraþjálfaraaðstöðu í húsnæði sínu í Búðardal. Þau hafa þegar keypt megnið að búnaðinum og unnið er að</p>

					betrumbótum á húsinu. Þá er verið að vinna að því að fá sjúkráþjálfara til að starfa í rýminu og veita þjónustuna í Búðardal.
4.7. Verkefnisstjóri og Rauði krossinn kanni möguleika á að hefja sjálfbæðaliðaverkefni undir formerkjum hreyfingarinnar árið 2023, sem nýst geti t.d. eldri borgurum í Dalabyggð til félagslegrar virkni eða samveru.					Þrír sjálfbæðaliðar hófu störf í febrúar 2023.
4.8. Innleidd verði móttökuáætlun vegna móttöku nýbúa árið 2023 og útbúinn upplýsingapakki sem fólk fær þegar það flytur til Dalabyggðar.					Fjölmeningarsetur vinnur að grunnvinnu fyrir móttökuáætlanir um þessar mundir og Símenntun á Vesturlandi er að vinna að móttökuáætlun sem mun byggja á þeirri vinnu. Þegar henni er lokið geta sveitarfélög nýtt sér grunninn fyrir sínar móttökuáætlanir.
4.9. Átak í fræðslu um skipulagsmál á mannamáli á árinu 2024.					Þetta er hafið að einhverju leyti en haustið 2022 var haldin röð fræðsluerinda, þar á meðal eitt um helstu skref vegna nýbygginga. Stefnt er að fleiri og fjölbreyttari kynningum, meðal annars sem snúa að framkvæmdum og skipulagsmálum.
4.10: Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð árin 2023-2024.					Ekki hafið.



BYGGÐASTOFNUN

ISBN 978-9935-518-12-5